# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 356. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 31. mars 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundur með stjórn Félags eldri borgara.
2) Fundur með ungmennaráði.
3) Fundargerð 158. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. mars 2022. Liður 6, sem frestað var á síðasta fundi bæjarstjórnar.
4) Fundargerð 125. fundar stjórnar FSS; dags. 10. febrúar 2022.
5) Fundargerð 199. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 16. febrúar 2022.
6) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 16. mars 2022.
7) Fundargerð 175. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 7. mars 2022.
8) Fundargerð 26. aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 16. mars 2022.
9) Fundargerð 907. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. febrúar 2022.
10) Fundargerð 908. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. mars 2022.
11) Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélags ohf., dags. 1. apríl 2022.
12) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 16. mars 2022, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Út og suður ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, tegund H-frístundahús, að Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
13) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 17. mars 2022, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn N18 ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, tegund H-íbúðir, að Gíslabæ á Hellnum, Snæfellsbæ.
14) Bréf frá Sveitarfélaginu Vogum, dags. 3. mars 2022, varðandi bókun varðandi Suðurnesjalínu 2.
15) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 8. mars 2022, varðandi þátttöku í stofnun sjálfseignarstofnunar um nýsköpunarnet Vesturlands.
16) Bréf frá Dómsmálaráðherra, dags. 22. mars 2022, varðandi endurskipulagningu sýslumannsembætta.
17) Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 1. febrúar 2022, varðandi skólaakstur 2021.
18) Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabót, dags. 24. mars 2022, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2022.
19) Bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 18. mars 2022, varðandi jafnlaunavottun.
20) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. mars 2022, varðandi móttöku flóttamanna.
21) Bréf frá Römpum upp Ísland, ódags., varðandi aukið aðgengi hreyfihamlaðra.
22) Bréf frá Margréti Vigfúsdóttur, dags. 18. mars 2022, varðandi myndgreiningu, nafnagreiningu og geymslu gamalla mynda í eigu Snæfellsbæjar.
23) Jafnlaunamarkmið Snæfellsbæjar.
24) Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar.
25) Brunavarnaráætlun Slökkviliðs Snæfellsbæjar 2022-2026.
26) Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2022.
27) Ráðning íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.
28) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 29. mars 2022**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 158158. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 2. mars 2022 og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**
Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulagas- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Hótel Búðir - Ósk um heimild fyrir deiliskipulagsvinnu fyrir starfsmannahús - 2203006**

Kári Eiríksson sendir inn ósk fyrir hönd Búðir Fasteignir ehf. um leyfi til þess að vinna deiliskipulag fyrir starfsmannahús á lóð Íb-5 í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2030 á Búðum. Gert er ráð fyrir tveimur byggingum á lóðinni auk sorpgerðis fyrir þrjá sorpgáma. Starfsmannahús gæti orðið allt að 460 fm að stærð og geymsla/bílskýli 130 fm.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að mænishæð verði ekki hærri en 5,4 m frá gólfkvóta.*

*Samþykkt*

**2. Fossabrekka 2 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á 2 hæðum - 2203001**

Ólafur Hlynur Illugason sækir um leyfi til að byggja 325 fm steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum á Fossabrekku 2, sjá meðfylgjandi teikningar.

*Illugi víkur af fundi.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Illugi kemur aftur inn á fund.*

*Samþykkt*

**3. Grundarbraut 39 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggðum bílskúr - 2203002**

Kristmundur Sumarliðason sækir um leyfi til að gera 55,4 fm viðbyggðan bílskúr við austurgafl einbýlishúss síns að Grundarbraut 39, sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir húseigendum að Grundarbraut 41, 42 og 44 og Skipholti 4.*

*Samþykkt*

**4. Helluhóll 12 a, b og c - Umsókn um byggingarleyfi fyrir parhúsi - 2203003**

Snælda ehf. sækir um leyfi til að byggja 318,4 fm steinsteypt raðhús á Helluhóli 12 a, b og c. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**5. Helluhóll 14 a, b og c - Umsókn um byggingarleyfi fyrir parhúsi - 2203004**

Snælda ehf. sækir um leyfi til að byggja 318,4 fm steinsteypt raðhús á Helluhóli 14 a, b og c. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**6. Hótel Búðir - Umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun hótelbyggingar - 2203005**

Kári Eiríksson sækir fyrir hönd Búðir Fasteignir ehf. um leyfi til að stækka hótelbygginguna í samræmi við gildandi deiliskipulag. Birt flatarmál eftir stækkun verður 2.741,9 fm.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.*

*Samþykkt*

**7. Sölvaslóð 10 - Umsókn um byggingarleyf vegna breytinga á gluggum og útihurð - 2203007**

Þór Magnússon sækir um byggingarleyfi til þess að skipta um glugga og útihurðir á frístundahúsi sínu að Sölvaslóð 10, Arnarstapa. Breytingar eru samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001**

- Ástand fasteigna Snæfellsbæjar
Rætt.

- Erindi vegna One Land Robot
Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að þessu verði bætt við núverandi kerfi tæknideildarinnar til að bæta þjónustu, auka gæði skjalavinnslu og betri nýtingu vinnutíma starfsfólks.

- Reglur um götu- og torgsölu
Uppfæra þarf verðið samkvæmt núgildandi verðskrá.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.**

# Undirritunarsíða

Drífa Skúladóttir

Undirritað af:
Drífa Skúladóttir
1201622099
Dags: 16.03.2022
Tími: 09:42:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3020ff87-ffc4-45f1-b7bd-435414840fca

Halldór Kristinsson

Undirritað af:
Halldór Kristinsson
1504756009
Dags: 15.03.2022
Tími: 15:32:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3020ff87-ffc4-45f1-b7bd-435414840fca

Illugi Jens Jónasson

Undirritað af:
Illugi Jens Jónasson
3006684299
Dags: 16.03.2022
Tími: 10:22:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3020ff87-ffc4-45f1-b7bd-435414840fca

Magnús Eiríksson

Undirritað af:
Magnús Eiríksson
2508623779
Dags: 21.03.2022
Tími: 12:25:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3020ff87-ffc4-45f1-b7bd-435414840fca

Kristjana Hermannsdóttir

Undirritað af:
Kristjana Hermannsdóttir
0805675539
Dags: 15.03.2022
Tími: 15:06:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3020ff87-ffc4-45f1-b7bd-435414840fca

125. fundur stjórnar FSS

***Fundarstaður:*** Fjarfundur um Teams
***Dagsetning:*** 10. febrúar, 2022
***Fundartími:*** Kl. 11.00
***Mættir:*** *Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.*

*Gestir fundarins eru þau Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, Guðrún Karólína Reynisdóttir, oddviti Helgafellssveitar og Ingveldur Eyþórsdóttir, fagstjóri barnaverndar og yfirfélagsráðgjafi FSS. .*

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar setur fund og stýrir og býður gesti fundarins velkomna, þau Ingveldi, fagstjóra barnaverndar FSS, Guðrúnu Karólínu, oddvita Helgafellssveitar og Eggert, oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps.

2. **Umræður um boðaðar breytingar á inntaki og skipulagi barnaverndarstarfs.**

Tekið til umræðu minnisblað til sveitarfélaga frá Karli Björnssyni, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, varðandi breytingar á lögum um skipan barnaverndar, m.a. um skipan og hlutverk, „umdæmisráða". Jafnframt var rædd skipan barnaverndarþjónustu FSS, hvort beri að sameina hana þjónustu nærliggjandi byggðarlaga hér á Vesturlandi ellegar sækja um undanþágu frá fjöldaviðmiðum og reka barnaverndarþjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. með sama sniði og verið hefur en þó með 2 stöðugildum félagsráðgjafa.

Samþykkt samhljóða að fela Sveini Þór að semja tillögu um afgreiðslu málsins, í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi stjórnar FSS. Niðurstaða stjórnar verði send sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga FSS til til umfjöllunar og afgeiðslu.

3. **Rekstur þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks**

Sveinn Þór gerði stjórn grein fyrir undirbúningi að rekstri þjónustuíbúðakjarna FSS fyrir fólk með fötlun en stefnt er að því að hefja þjónustu frá og með 1. mars n.k. með fyrirvara um að undirbúningi verði lokið.

Fjárhagsáætlun íbúðakjarnans á þessu fyrsta rekstursári er grundvölluð á rekstursáætlun sem HLH ráðgjafafyrirtæki vann fyrir FSS á sl. ári.

4. **Önnur mál**

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15

*Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson*

**Fundargerð 199. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga** Opinber útgáfa!

| | |
|---|---|
| ***Fundarstaður;*** | Fundarstaður: Teams |
| ***Dagsetning;*** | miðvikudagur 16. febrúar , 2022 kl. 16.30 |
| ***Mættir:*** | *Félagsmálanefnd Snæfellinga: Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Sigrún Þórðardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir; foreldrar, lögmaður foreldra; frá FSS: Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi og fagstjóri barnaverndar, Júníana Björg Óttarsdóttir, starfsmaður barnaverndar; lögmaður félagsmálanefndar og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.* |

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

**1.** Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.

**2.** **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*

*(...fært í trúnaðarmálabók félagsmálanefndar)*

**3.** **Önnur mál** *kynning – umræða*

a) Næsti fundur nefndarinnar, nr. 200, verður haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 19.55
Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2022**

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 16. mars 2021 kl. 11:15.

**Mætt voru:**
**Fulltrúar aðildarsveitarfélaga og eftirtaldir kjörmenn:**
Akranes: Ragnar B. Sæmundsson
Borgarbyggð: Lilja Björg Ágústsdóttir
Dalabyggð: Eyjólfur I. Bjarnason
Eyja- og Miklaholtshreppur: Forföll
Grundarfjörður: Jósef Ó. Kjartansson
Helgafellssveit, Sif Matthíasdóttir
Hvalfjarðarsveit: Linda Pálsdóttir
Kjósarhreppur: Regína Hansen Guðbjörnsdóttir
Skorradalshreppur: Ástríður Guðmundsdóttir
Snæfellsbær: Björn B. Hilmarsson
Stykkishólmur: Jakob B. Jakobsson

**Frá heilbrigðisnefnd:**
Auður Kjartansdóttir, varaformaður
Karitas Jónsdóttir, formaður boðaði forföll.

Auður Kjartansdóttir setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Hrefnu B. Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. **Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2021.**
   Auður Kjartansdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2021.
   Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk með ágætum árið 2021. Stjórn hélt 8 fjarfundi á árinu auk eigenda og aðalfundar. Með gildistöku um sameiningu eftirlitssvæða færðist Kjósarhreppur undir eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Gengið var frá fastráðningu Þorsteins Narfasonar í árslok. Áherslur í rekstri hafa verið á stöðugleika og að auka umsvif eftirlitsins með lögbundnum skyldum. Samþykkt var í fjárhagsáætlun 2022 að ráða nýjan heilbrigðisfulltrúa frá næsta sumri, en á næstu misserum þarf að fjölga starfsfólki enn frekar til að veita öllum lögbundna þjónustu.

2. **Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2021**
   Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í ársuppgjöri 2021.

3. **Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.**
   *Umræður voru um skýrslu stjórnar og ársreikning og var Ársreikningur því næst samþykktur samhljóða.*
   Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. **Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2021.**
Þorsteinn Narfason kynnti drög að ársskýrslu ársins 2021 og svaraði fyrirspurnum um reksturinn. Skýrslan verður aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún verður gefin út í júní.

5. **Kosning Heilbrigðisnefndar Vesturlands**
Skv. 2.1 gr. samþykkta Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skal heilbrigðisnefnd kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á aðalfundi eftirlitsins. Fundarstjóri las upp úr samþykktunum og lagði til að kosningu Heilbrigðisnefndar Vesturlands yrði frestað til aukaaðalfundar sem haldinn verður í sumar eftir sveitarstjórnarkosningar. Fundarstjóri óskaði í framhaldinu eftir því að umboð fráfarandi heilbrigðisnefndar verði framlengt til framhaldsaðalfundar..
*Tillagan var samþykkt samhljóða*

Engin önnur mál voru á dagskrá og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund.

**Fundi slitið kl. 12.15.**

Fullgild rafræn undirskrift
ÞORSTEINN NARFASON
Kennitala: 200366-5069
2022-03-07 18:00:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR
Kennitala: 090970-3219
2022-03-07 18:04:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR
Kennitala: 091072-4759
2022-03-07 18:14:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARITAS JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 161285-3239
2022-03-07 21:54:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SILJA EYRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR
Kennitala: 070282-3219
2022-03-08 08:58:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AUÐUR KJARTANSDÓTTIR
Kennitala: 230891-2309
2022-03-08 09:19:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
TRAUSTI GYLFASON
Kennitala: 300964-4949
2022-03-08 12:08:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Heilbrigðiseftirlit
**Vesturlands**

# 175. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 7. mars 2022 kl: 16:00

Mætt voru Karitas Jónsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir Trausti Gylfason og Auður Kjartansdóttir.
Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll.

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat fundinn og ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2021
   Ársreikningur fyrir árið 2021 unnin af KPMG var lagður fram ásamt staðfestingarbréfi stjórnenda dagsett 7. mars 2022.

2. **Málefni Steypustöðvarinnar í Borgarnesi- stöðvun starfsemi starfsmannabústaða**
   Lögð fram bréf Steypustöðvarinnar dagsett 21. febrúar 2022 og 28. febrúar 2022.
   Málið var áður á dagskrá á fundum þann 13. desember 2021, 27. desember 2021 og 17. janúar og 8. febrúar 2022.

   *Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisnefndar á 174. fundi nefndarinnar, þann 8. febrúar sl. var að undangenginni ítarlegri málsmeðferð tekin endanleg ákvörðun um að starfsmannabústöðum að Engjaási 1 og Þórólfsgötu 10 a skyldi lokað, enda væri reksturinn án starfsleyfis og ekki uppfyllt skilyrði laga og reglugerða sem um slíkan rekstur gildir. Heilbrigðisnefnd veitti fyrirtækinu lokafrest til að rýma starfsmannabúðirnar eigi síðar en þann 1. mars 2022.*

   *Engin ný gögn eða skýringar hafa borist nefndinni sem breyta efnislega forsendum ákvörðunarinnar og getur heilbrigðisnefnd ekki veitt frekari fresti í þessu skyni. Tekið skal fram að þótt Steypustöðin feli rekstur starfsmannabústaða öðru félagi þá breytir það því ekki að rekstur starfsmannabústaða að Þórólfsgötu 10a og Engjaási 1 er án starfsleyfis og í andstöðu við lög.*

   *Samkvæmt framangreindu er ítrekuð ákvörðun heilbrigðisnefndar frá 8. febrúar sl. um að starfsmannabúðum að Þórólfsgötu 10a og Engjaási 1 skuli lokað og þær rýmdar eigi síðar en 1. mars 2022.*

   Trausti Gylfason vék af fundi undir þessum lið.

3. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns

Tækisfærileyfi

3.1 Nemendafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands, árshátíð nemendafélagsins haldin í húsnæði skólans 10. febrúar 2022.

3.2 Samkoma með matarveitingum í félagsheimilinu Lyngbrekku, Borgarbyggð haldin 20. apríl n.k.

Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Skipulagsstofnun

3.3 Fyrirspurn Skipulagsstofnunar vegna matskyldu á framkvæmdum Orku náttúrunnar, í og við Andakílsárlón Skorradalshreppi, dagsett 13. janúar 2022. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. febrúar 2022.

3.4 Fyrirspurnar Skipulagsstofnunar um matsáætlun Qair vegna Múla vindorkuvers frá 2. febrúar 2022. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 22. febrúar 2022.

Borgarbyggð

3.5 Aðalskipulagsbreyting vegna Húsafells sunnan þjóðvegar. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 3. mars 2022.

3.6 Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Jötnagarði í landi Munaðarness. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 7. mars 2022.

Kjósarhreppur

3.7 Deiliskipulagstillaga fyrir Sandslund í Kjósarhreppi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 1. mars 2022.

4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

4.1 Veiðifélagið Hreggnasi ehf, Veiðihúsið við Grímsá í Borgarbyggð. Nýtt leyfi fyrir gististað og mötuneyti með fullbúnu eldhúsi fyrir 17-50 manns. Leyfið gildir í 12 ár.

4.2 Samkaup hf. Krambúðin Garðabraut 1, Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir matvöruverslun. Leyfið gildir í 12 ár.

4.3 Hjúkrunarheimilið Fellsenda, Dalabyggð. Endurnýjað leyfi fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili með mötuneyti með fullbúnu eldhúsi. Leyfið gildir í 12 ár.

4.4 Hvalfjarðarsveit, Félagsheimilið Miðgarður við Innnesveg. Leyfi fyrir samkomustað. Leyfið gildir í 12 ár.

4.5 Ístak hf. Katanesvegi Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Ótímabundið leyfi fyrir starfsemi mötuneytis starfsmanna Ístaks með móttökueldhúsi.

4.6 Grunn sv ehf. Kalmansvellir 3 Akranesi. Nýtt leyfi fyrir vélsmíða– og vélaviðgerðarverkstæði var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.

4.7 Valentin Fels Camilleri, Smiðjuvellir 17, á Akranesi. - Brimir BJJ Academy. Nýtt leyfi fyrir aðstöðu til æfinga á „ brasilísku Jiu Jitsu". Leyfið gildir í 12 ár.

4.8 Ondulering ehf, Suðurgata 62, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir starfsemi hársnyrtistofu. Leyfið gildir í 12 ár.

4.9 Lára Bogey Heilsunuddari, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir starfsemi nuddstofu. Leyfið gildir í 12 ár.

4.10 Karólína Hulda Guðmundsdóttir, Fitjum Skorradal. Endurnýjað leyfi fyrir smáframleiðslu matvæla. Leyfið er ótímabundið.

4.11 Borgarbyggð. Grunnskóli Borgarness. Nýtt leyfi fyrir grunnskóla, mötuneyti og leikskvæði. Leyfið gildir í 12 ár.

5. Fyrirkomulag vegna númerslausra bíla

Kynnt var nýtt fyrirkomulag vegna álímingu á bíla hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Heilbrigðiseftirlitið hefur í framhaldinu látið prenta nýja límmiða sem tekur mið af þessu fyrirkomulagi.

6. Tillaga um kaup eða leigu á rafmagnsbifreið

Framkvæmdastjóri leggur til að keypt verði eða leigð ein rafmagnsbifreið fyrir embættið. *Heilbrigðisnefnd samþykkir að fela framkvæmdastjóra að leigja rafmagnsbifreið í stað bensínbifreiðar í samræmi við framlögð gögn. Leigan felur ekki í sér aukin útgjöld í rekstri.*

7. Önnur mál

a. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn þann 16. mars að Hótel Hamri kl 11:15.
*Samþykkt að heimila nefndarmönnum að sitja fundinn.*

b. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu stafsleyfis fyrir Matfugl ehf. að Hurðarbaki. Starfsleyfi og gögn málsins má nálgast á vef stofnunarinnar.

Fundi slitið kl. 17:45

Heilbrigðiseftirlit
**Vesturlands**

# Ferill Númerslausar bifreiðar og lóðahreinsanir

Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss eða mannvirkis
Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br. kemur fram í 18. gr, 1. mgr.: ,,*Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði*". Í 20. gr. 1. mgr. kemur jafnframt fram: ,,*Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti*" og í 21. gr. segir ,,*Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum*".

## Heimild fyrir ákvörðun um lóðahreinsun og/eða að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar eða bílflök

17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum:
,,*Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.*
*Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.*
*Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.*
*Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.*
*Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.*
*Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu*".

## Lögveð í fasteign

Bent er á að kostnaður sem til fellur, er tryggður með lögveðsrétti í húsi, lóð eða tæki, sbr. 61. gr. 2. mgr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.
Þetta þýðir að við lóðahreinsanir á vegum Heilbrigðiseftirlitsins fær embættið lögveð í lóð og fasteign og getur krafist uppboðs á húsi, lóð eða tæki til greiðslu á vinnu og útlögðum kostnaði.

## Númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands notar límmiða við álímingar á númerslaus ökutæki, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti (hér eftir nefndir hlutir). Límmiðarnir eru settir til þess að ná athygli eiganda/umráðamanns hlutarins, enda má ætla að hluturinn sé undir eftirliti og í umhirðu hans. Á miðunum koma fram upplýsingar um hvað standi til.

Reynt er að líma miða, einn eða fleiri, á áberandi staði og þannig að þeir séu vel sýnilegir. Um tvenns konar miða er að ræða og er þeim lýst hér að neðan. Einnig er tilkynningarseðill borinn í nærliggjandi hús þegar um hlut á einkalóðum er að ræða og þar sem því er viðkomið og það á við.

### Gulur miði – Tilkynning um meðferð máls

Sé gulur miði límdur á hlut hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlads tekið til meðferðar að láta fjarlægja hlutinn.

**TILKYNNING UM MEÐFERÐ MÁLS**

Dags. ______________________

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur tekið til meðferðar að láta fjarlægja þessa bifreið / kerru / vinnuvél / tæki. Samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993, hefur eigandi/umráðamaður tækisins rétt til að tjá sig um efni máls áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin og getur hann komið á framfæri skriflegum athugasemdum til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á póstfangið eftirlit@hev.is.

Frestur til athugasemda er til ______________________

Berist ekki athugasemdir innan tiltekins freststst, mun Heilbrigðiseftirlit Vesturlands taka ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Taki Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ákvörðun um að fjarlægja tækið verður eiganda/umráðamanni þess veittur frestur til að fjarlægja tækið. Hafi eigandi ekki fjarlægt tækið innan þess frests verður tækið fjarlægt á kostanð eiganda og komið í vörslu í einn mánuð. Hafi eigandi ekki vitjað tækisins innan þess tíma verður tækinu fargað eða selt nauðungarsölu fyrir kostnaði á grundvelli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

**Ákvörðun um að fjarlægja tækið verður birt með tilkynningu sem límd verður á tækið.**

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes – Simi 437 2750 – eftirlit@hev.is. – www.hev.is

- Gulur miði er límdur á hluti sem standa á lóðum íbúðarhúsa, sumarhúsa o.þ.h. á starfssvæði embættis Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- Gulur miði er límdur á hluti sem standa á lóðum iðnaðarhúsa eða lóðum annarra húsa á iðnaðar- eða athafnasvæðum á starfssvæði embættis Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- Gulur miði er límdur á hluti sem standa á lóðum þar sem vafi liggur á um eignarhald lóða, lendna eða vega.

Auk álímingar gula miðans á hlutinn er tilkynningarseðill borinn í nærliggjandi hús eða afhentur húsráðanda/íbúa þar sem því er viðkomið. Sjá upplýsingar um tilkynningarseðilinn hér að neðan. Eiganda/umráðamanni er almennt gefinn einnar viku frestur til þess að að gera athugasemdir við tilkynninguna. Fjarlægi eigandi/umráðamaður hlutinn innan gefins frests fellur málið niður. Berist engar athugasemdir og hluturinn hefur ekki verið fjarlægður innan tilskilins frests má búast við að stjórnvaldsákvörðun verði tekin, rauður miði límdur á hlutinn og lokafrestur gefinn. Eftir að lokafrestur er liðinn verður hluturinn fjarlægður við fyrsta hentugleika.

**Tilkynningarseðill – Tilkynning um meðferð máls**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur tekið til meðferðar mál um að láta fjarlægja hlut. Gulur límmiði hefur verið límdur á hlutinn.
Tilkynningarseðill um meðferð máls er lagður inn í bréfalúgu, afhentur húsráðanda/íbúa eða settur inn í stigagang eftir því sem við er komið.

**Rauður miði – Tilkynning um stjórnvaldsákvörðun**
Sé rauður miði límdur á hlut hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tekið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja hlutinn innan þess frests sem ákveðinn er.



**TILKYNNING UM STJÓRNVALDSÁKVÖRÐUN**

Dags. ______________________

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur tekið ákvörðun um að fjarlægja þessa bifreið / kerru / vinnuvél / tæki sbr. ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Eiganda/ umráðamanni tækisins er hér með veittur frestur til ____________ n.k. til að fjarlægja það. Hafi eigandi ekki fjarlægt tækið innan þess frests verður tækið fjarlægt á kostnað eiganda og því komið í vörslu í einn mánuð. Hafi eigandi ekki vitjað tækisins innan þess frests verður tækinu fargað eða það selt á nauðungarsölu fyrir kostnaði, m.a. vegna geymslu og flutnings flutningsaðila, á grundvelli laga nr. 90 nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað til 60-61 gr. laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra þessa málsmeðferð og aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins til Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes - Sími 437 2750 - eftirlit@hev.is - www.hev.is

- Rauður miði er límdur á hluti sem standa á almenningssvæðum eða lóðum í eigu sveitarfélaganna á starfssvæði embættis Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- Rauður miði er límdur á hluti sem standa á bílastæðum, á og við götur/vegi innan sveitarfélaganna eða götum/vegum í umsjá Vegagerðarinnar á starfssvæði embættis Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- Rauður miði getur einnig verið límdur á hluti sem áður hafa verið teknir til meðferðar og eigandi/umráðamaður ekki brugðist við eftir tilkynningu.

Eiganda eða umráðamanni er gefinn að lágmarki einnar viku frestur til að fjarlægja hlutinn. Fresturinn getur verið styttri sé talið að hluturinn geti valdið skaða, mengun eða lýti á umhverfinu eða hamlar framkvæmdum eða umferð að mati bæjar- eða lögregluyfirvalda. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

**Sérstaklega um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti**

Bent er á eftirfarandi meginreglur um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti:

- *Rauður miði:* Númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru á almannafæri, þ.e. ekki á einkalóð, geta fengið álímdan aðvörunarmiða. Veittur er einnar viku frestur til að fjarlægja hið álímda tæki.

- *Gulur miði og tilkynningarseðill*: Númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru inni á einkalóð og eru til lýta og/eða valda mengunarhættu fyrir umhverfið, þrátt fyrir að vera á bílastæði, geta fengið álímdan miða þar sem tilkynnt er að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur tekið til meðferðar að fjarlægja viðkomandi farartæki eða hlut. Embættið getur einnig beitt ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 er heimilar hreinsun lóða þ.m.t. einkalóða.
- *Gulur miði og tilkynningarseðill*: Númerslausar bifreiðar sem ekki eru á skilgreindu bílastæði einkalóðar geta fengið álímdan miða þar sem tilkynnt er að embættið hafi tekið til meðferðar að krefjast þess að viðkomandi bifreið verði fjarlægð.
- Númerslausar bifreiðar sem eru inni á skilgreindu bílastæði einkalóðar og eru ekki til lýta og valda ekki mengunarhættu fyrir umhverfið, fá ekki álímdan miða frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

**Skilagjald á ökutæki**

Eigandi ökutækis getur fengið skilagjald fyrir ökutæki sitt eftir afhendingu til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar. Frekari upplýsingar um skilagjald má finna á heimasíðu Úrvinnslusjóðs og á heimasíðum endurvinnslufyrirtækjanna.

**Kostnaður vegna dráttar á ökutæki**

Kostnaður af hendi dráttarbílaþjónustu vegna hreinsunar/dráttar á ökutæki skiptist t.d. í flutningsgjald, innskriftar- og afgreiðslugjald og að auki daglegt geymslugjald sé ökutækið ekki sótt innan þess frests sem gefinn er í útsendu bréfi frá viðkomandi fyrirtæki. Greiði eigandi ekki reikning vegna vinnu dráttarbílaþjónustunnar greiðir Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann reikning og innheimtir síðan útlagðan kostnað, ásamt kostnaði vegna vinnu embættisins, hjá viðkomandi eiganda ökutækisins. Kostnaður sem fellur á eiganda ökutækisins getur því verið umtalsverður sé ekki gengið frá málum fljótt. Meðalkostnaður á hvert ökutæki árið 2019 var rúmlega 50.000 kr.

**Málsskot**

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits vísast í 60. og 61. gr. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

**Fyrirspurnir og/eða ábendingar**
Hægt er að hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands með því að senda tölvupóst á eftirlit@hev.is

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn miðvikudaginn 16. mars 2022 kl. 13 á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

Formaður Kristinn Jónasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Auði Kartansdóttur sem fundarstjóra og Hrefnu B Jónsdóttur sem fundarritara.

Brynju Þorbjörnsdóttur falið að koma kjörbréfum til fundarstjóra auk þess að vinna að störfum kjörnefndar, ásamt Einari Brandssyni og Lindu B Pálsdóttur.

Fundarstjóri þakkaði traustið og lýsti yfir lögmæti fundarins.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.**

Kristinn Jónasson, formaður fór með skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf. Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.
Kristinn hvatti sveitarfélög til að fylgjast vel með þeim breyttu lagaumhverfi í úrgangsmálum, „í átt að hringrásarhagkerfi"

2. **Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi félagsins. Heildartekjur félagsins eru 179.046.618 kr. Rekstrargjöld eru 112.672.214 kr. fjármunatekjur 7.143.485 kr. og tekjuskattur 14.707.237 kr. Hagnaður ársins 58.810.652 kr. Samþykkt samhljóða.
Samtals voru urðuð 14.961 tonn af úrgangi árið 2021.
Rætt um magn úrgangs til urðunar og flokkun.

3. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.**

Gerð er tillaga um að stjórnarlaun taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 64.571 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 32.135 kr.. + ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. **Lagabreytingar**

Engar

5. **Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.**

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að greiddur verði 27% arður til eigenda félagsins. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

6. **Kosning stjórnar.**

| | |
|---|---|
| Brynja Þorsteinsdóttir | Borgarbyggð |
| Eyjólfur Ingvi Bjarnason | Dalabyggð |
| Finnbogi Leifsson | Borgarbyggð |
| Karitas Jónsdóttir | Akraneskaupstaður |

| | |
|---|---|
| Kristinn Jónasson | Snæfellsbæ |
| Sævar Jónsson | Akraneskaupstaður |
| Unnur Þóra Sigurðardóttir | Grundarfjarðarbær |

7. **Kosning löggilts endurskoðanda.**

Gerð tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins. Samþykkt.

8. **Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.**

Formaður þakkaði samstarfsfóki sínu í stjórn samstarf liðins árs. Sérstaklega þakkaði hann fráfarandi stjórnarmann, Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur, ánægjulegt samstarf en hún hverfur nú úr stjórninni. Einnig þakkaði hann framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf og öðru starfsfólki fundarins og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 14:15.
HBJ

# Skýrsla stjórnar, Kristinn Jónasson, formaður

**Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2022**

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.

Í árslok 2021 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 23 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 251.991 tonn. Þar af hafa 125.370 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Árið 2021 er átjánda árið sem Sorpurðun Vesturlands hf. skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Vil ég benda ykkur á, að ef þið viljið kynna ykkur starfsemina í Fíflholtum vel, þá er lestur Græna bókhaldsins mjög góð leið til að fá gott yfirlit yfir reksturinn

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum var gefið út af Umhverfisstofnun 5. febrúar 2014 og veitir heimild til móttöku og urðunar úrgangs á allt að 15 þúsund tonnum á ári. Á árinu 2021 voru urðuð samtals 14.961 tonn auk 2.810 tonna af kurli til yfirlags í urðunarreinum. Af því magni sem barst til urðunar komu 2.669 tonn frá Vestfjörðum. Frá Vesturlandi bárust því 12.292 tonn.

Urðun ársins var því innan marka starfsleyfis urðunarstaðarins en svo hefur ekki verið þrjú síðustu ár. Vinnu er lokið við mat á umhverfisáhrifum í því skyni að fá heimild til aukningar í starfsleyfi félagsins. Unnið er að gerð nýs starfsleyfis með rýmri urðunarheimild sem heimilar urðun á 25.000 tonnum árlega.

Núverandi starfsleyfi var gefið út 5. febrúar 2014, uppfært árið 2017 og gildir til ársins 2028. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni. Samkvæmt starfsleyfinu er urðunarstaðnum heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

Alls þurfti að grípa til lokunar urðunarstaðarins 24 sinni á árinu 2021. Oft var um hluta úr degi að ræða, en staðnum er lokað ef hámarksvindur fer yfir 18 m/sek. Starfsmenn urðunarstaðarins tilkynna viðskiptavinum um lokanir símleiðis.

Á árinu 2021 var plantað um 700 plöntum. Megnið af þeim var plantað í og við nýjan hluta sigvatns- og skurðakerfis.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna reglubundins eftirlits 20. október 2021 komu engin frávik fram við eftirlitið og engar ábendingar voru gerðar. Fram kemur í skýrslunni að frávik vegna veiðarfæraúrgangs frá 9. júní 2016 teljist lokað. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) létu síðan sækja endurvinnsluefnin í júlí og september. Alls var þar um að ræða 27.980 kg. sem send voru til endurvinnslu í Danmörku.

Markvisst hefur verið unnið að því að hefta fok frá urðunarstaðnum, m.a. með uppsetningu fokvarnargirðinga. Fokgirðingarnar hafa reynst vel við að grípa fokefni.

Árið 2021 er þriðja heila árið sem gassöfnun er í gangi í Fíflholtum, en kyndill/metangasbrennari var gangsettur 26. nóvember 2018.

Haustið 2019 lagði Sorpurðun Vesturlands hf. fram úrbótaáætlun vegna hreinsunar sigvatns, sem samþykkt var af Umhverfisstofnun 25. október sama ár. Unnið var eftir þessari úrbótaáætlun á árinu. Síðla vetrar 2021 var hafist handa við fyrstu verkþættina og var þá lagður slóði frá síubeði niður að skurðakerfi. Eftir það var unnið að frágangi vegarslóða og skurðakerfis allt fram í desember. Verkefninu verður fram haldið í lok vetrar, og á árinu 2022 verður þetta nýja kerfi tengt síðubeðinu með þeim hætti að sigvatn verður leitt í plaströri niður að efsta hluta skurðakerfisins.

Kerfið er um 900 metra langt og áætlanir gera ráð fyrir að viðverutími sigvatns í kerfinu verði um 30 dagar. Völdum trjáplöntum hefur verið plantað milli skurðanna og er þeim ætlað að taka upp næringarefni úr vatninu. Hér er því um náttúrulega hreinsun að ræða. Eftir þessa hreinsun berst vatnið í viðtaka í mýrinni neðan girðingar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á hluthafafundi í Sorpurðun Vesturlands hf. 7. september 2020:

> *Hluthafafundur Sorpurðunar Vesturlands haldinn 07.09.2020 samþykkir að fela stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. að vinna langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi. Stefnan nái til næstu 12 ára eða lengur.*

Þessari stefnumótunarvinnu lauk í febrúar 2021.

Teitur Gunnarsson, umhverfisverkfræðingur hjá MANNVITI verkfræðistofu, vann verkefnið með starfshópi og framkvæmdastjóra.

Í samræmi við ákvæði 6. greinar laga nr. 55/2003 og samkomulag frá 15. maí 2009 hefur samstarfsvettvangur SORPU bs., Sorpurðunar Vesturlands hf., Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. unnið tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samlaganna fjögurra fyrir tímabilið 2022-2033. Tillagan hefur á vinnslustigi verið kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hlotið meðferð í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Eftir umsagnarferli og að teknu tilliti til ábendinga var skýrslan tilbúin til endanlegrar útsendingar í árslok. Þann 14. janúar 2022 var svæðisáætlunin send út til aðildarsveitarfélaga til endanlegrar staðfestingar. Aðgerðaáætlun fyrir Vesturland er hluti af skýrslunni.

Ný lög taka gildi um næstu áramót um meðhöndlun á úrgangi og mun það breyta miklu fyrir sveitarfélögin. Búið er að hrinda af stað verkefni á vegum SÍS sem kallast „Samtaka um hringrásarhagkerfið“ og vil ég hvetja sveitarfélög á Vesturlandi að taka þátt í þeirri vinnu.

Átakið sem sambandið hefur sett á fót með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins er til að aðstoða sveitarfélög við að innleiða breytingar á meðhöndlun úrgangs sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Meiriháttar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga eru framundan. Það er skammur tími til stefnu og því brýnt að bretta upp ermarnar og hefjast handa.

„Samtaka um hringrásarhagkerfið“ skiptist í þrjá verkefnahluta, sem allir hafa það hlutverk að renna styrkari stoðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfið hérlendis.

1. <u>Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku</u>
2. <u>Kaup í anda hringrásarhagkerfisins - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga</u>
3. <u>Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað</u>

Skipaður var starfshópur sem kannaði fýsileika þess að setja upp brennslustöð hér á landi. Skilaði hann áfangaskýrslu á liðnu ári. Sorpurðun Vesturlands tók þátt í þessari vinnu. Mjög mikilvægt er að þessari vinnu verði haldið áfram, þannig að hægt verði að taka ákvörðun um hvort og þá hvenær yrði farið í þessa framkvæmd og jafnframt hvar væri skynsamlegast að byggja slíka brennslu. En skýrslan tók einmitt á þeim þætti. Ljóst er að þetta er afar dýr verkefni og hafa verið nefndar tölur frá 20-35 milljörðum króna að reisa verksmiðjuna og svo myndi brennsla á hvert kíló verða frekar dýr líklega um 20 - 40 kr/kg +-.

Að öllu óbreyttu þarf að fara í útflutning á sorpi frá Íslandi og það er dýrt og jafnframt er ekki vitað hversu lengi það verði hægt en þó skal það tekið fram að það er eftirspurn eftir sorpi til brennslu og líklega minkar það ekki þegar verð á olíu er eins hátt og það er í dag.

Meðal helstu niðurstaðna starfshópsins eru:

- Hátæknisorpbrennsla yrði reist á Suðvesturhorni landsins þar sem meira en 80% af úrganginum falla til.
- Mat á staðsetningu leiðir í ljós að bygging hátæknibrennslunnar í Álfsnesi myndi fela í sér minnstan rekstrarkostnað þar sem kostnaður við flutning úrgangs til stöðvarinnar væri lægstur.
- Hátæknibrennslan þarf að geta afkastað allt að 130.000 tonnum á ári. Hún mun framleiða rafmagn og heitt vatn en rekstrarkostnaði verður einkum mætt með hliðgjöldum.
- Stofnkostnaður hefur verið metinn með grófum hætti, sem og rekstrarkostnaður. Kostnaður við byggingu brennsluna er áætlaður á bilinu 20 – 35 milljarðar króna.
- Fyrir liggur að hliðgjöldin munu ráðast fyrst og fremst af því eignarformi sem verður fyrir valinu.

- Verði brennslan alfarið í opinberri eigu er líklegt að hliðgjald þyrfti að vera 20 krónur á kíló en verði hún alfarið í einkaeigu er líklegt að hliðgjald yrði 40 krónur.
- Í næsta áfanga verkefnisins þarf að stofna félag sem fær það hlutverk að halda áfram undirbúningsvinnu og þróa ítarlega viðskiptaáætlun um verkefnið.
- Ef niðurstaða viðskiptaáætlunar gefur tilefni til liggur fyrir hverjir munu standa að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins, og rekstri vinnslunnar. Einnig munu liggja fyrir samningar við sveitarfélög um ráðstöfun brennanlegs úrgangs í farveg vinnslunnar.

Hægt er að nálgast skýrsluna á vef Sorpu.

Annars gekk starfsemi Sorpurðunar Vesturlands vel á starfsárinu og mun Hrefna fara betur inn á það hér á eftir.

Starfsmönnum Sorpurðunar vil ég þakka fyrir góð störf á árinu og þá vil ég þakka framkvæmdastjóra Sorpurðunar henni Hrefnu sérstaklega fyrir hennar störf.

Læt ég skýrslu stjórnar hér með lokið.

# Fundargerð 907. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 25. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Haraldur Sverrisson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Bjarni Jónsson og Eyþór Laxdal Arnalds boðuðu forföll og varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn. Gunnar Einarsson boðaði forföll og Haraldur Sverrisson sat fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í ljósi atburða undanfarinna daga samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eftirfarandi bókun:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir einróma að taka undir yfirlýsingu Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, um að evrópskir sveitarstjórnarmenn fordæmi brot á sjálfstæði og sjálfræði Úkraínu og lýsi yfir stuðningi og samstöðu með sveitarfélögum í Úkraínu og íbúum þeirra. Sveitarfélagasambandið í Úkraínu er meðlimur í CEMR og undanfarin ár hefur átt sér mikil uppbygging í úkraínskum sveitarfélögum, með stuðningi evrópskra sveitarfélaga, til að efla sjálfsforræði þeirra og bæta þjónustu.

Stjórnin hvetur kjörna fulltrúa í íslenskum sveitarfélögum til að undirrita yfirlýsinguna.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 906. fundar - 2201008SA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 906. fundar stjórnar sambandsins frá 4. febrúar 2022.

   *Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta staðfundi stjórnar.*

2. **Samband íslenskra sveitarfélaga - ársreikningur 2021 - 2201026SA**

   Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021, sbr. 9. tölulið fundargerðar 906. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

   *Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 með stafrænni undirritun sinni.*

3. **Bakhjarl sambandsins - ársreikningur 2021 - 2201025SA**

   Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021, sbr. 10. tölulið fundargerðar 906. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2022, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

   *Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 með stafrænni undirritun sinni.*

4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA**

   Lögð fram fundargerð 7. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 14. febrúar 2022.

5. **Jónsmessunefnd - 2201005SA**

   Lögð fram 24. fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. febrúar 2022.

6. **Staða kjaramála - 2109025SA**

   Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. febrúar 2022, um stöðu kjaramála í febrúar 2022.

7. **Samræmd móttaka flóttamanna - 2202022SA**

   Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. febrúar 2022, um samræmda móttöku flóttafólks og menntun barna, ásamt bréfi frá Akureyrarbæ, Árborg, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg, dags. 10. febrúar 2022.

Guðmundur Ari Sigurjónsson kom inn á fundinn kl. 13:28.

8. **Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2022 - 2106040SA**

   Lögð fram samantekt hag- og upplýsingasviðs sambandsins um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2022.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 14:00.

9. **Hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021 - 2202018SA**

   Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 22. febrúar 2022, um hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021.

   *Mikla hækkun á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga á árinu 2021 má að hluta til rekja til endurmats tryggingastærðfræðinga á forsendum um lífslíkur. Endurmatið tók raunar ekki gildi fyrr en 22. desember sl. þegar fjármálaráðherra staðfesti tillögu félags tryggingastærðfræðinga að nýjum töflum um lífslíkur. Þetta kom sveitarfélögum algjörlega í opna skjöldu og höfðu þau engin tök á að gera ráð fyrir þessu hvorki í sínum fjárhagsáætlunum né með samþykkt viðauka í tæka tíð.*
   *Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga undrast þessi vinnubrögð ráðuneytisins og leggur ríka áherslu á að stjórnvaldsákvarðanir sem áhrif hafa á fjármál sveitarfélaga séu innleiddar með góðum fyrirvara og kynnt sveitarfélögum.*

10. **Niðurstöður vegna mönnunarviðmiða og innritunaraldurs í leikskóla - 2201020SA**

Lagt fram minnisblað Valgerðar Freyju Ágústsdóttur, sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 8. febrúar 2022, um niðurstöður vegna mönnunarviðmiða og innritunaraldurs í leikskóla.

*Stjórnin þakkar fyrir gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast vel í viðræðum við mennta- og barnamálaráðuneytið um styrkingu leikskólastigsins.*

11. **Tilnefning í samstarfsnefnd um málefni aldraðra - 2201041SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2022, þar sem Lilja Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sveitarstjórnarfulltrúi og sveitarstjóri Rangárþings eystra, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Hlutlæg ástæða þess að hún ein er tilnefnd er sérþekking hennar á viðfangsefnum nefndarinnar. Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, er tilnefndur sem varamaður hennar.

12. **Tilnefning í starfshóp um þróun stafrænna verkfæra fyrir félagslegt vinnuumhverfi hjá Vinnumálastofnun - 2202009SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Vinnueftirlitsins, dags. 8. febrúar 2022, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins er tilnefnd í starfshóp um þróun stafrænna verkfæra fyrir félagslegt vinnuumhverfi hjá Vinnumálastofnun.

13. **Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra - 2202005SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2022 þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalfulltrúi í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, og Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, til vara.

14. **Tilnefning í starfshóp um umbætur á húsnæðismarkaði - 2202020SA**

Lögð fram til kynningar tilnefning sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2022, þar sem Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Fannar Jónsson, bæjarstjóri Grindavíkur, eru tilnefnd í starfshóp um umbætur á húsnæðismarkaði.

15. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna - 2102029SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (fjölgun mismunarþátta), nr. 85/2018, 168. mál.

16. **Umsögn um drög að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks - 2202007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2022, um drög að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks, mál nr. S-10/2022.

17. **Umsögn til starfshóps um Grænbók um orkumál - 2202001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2022, um erindi til starfshóps um Grænbók um orkumál, ásamt fylgiskjali.

18. **Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir - 2202011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2022, um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.

19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 2202028SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2022, um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 160. mál.

20. **Umsögn um sóttvarnalög - 2202003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2022, um sóttvarnarlög, mál nr. S-26/2022.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur - 2201051SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 (Félagsdómur), 272. mál.

22. **Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2202008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. febrúar 2022, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 34. mál.

23. **Fundur með matvælaráðherra og stjórn Fiskeldissjóðs - 2111003SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 7. febrúar 2022, um punkta frá fundi með matvælaráðherra og stjórn Fiskeldissjóðs 7. febrúar 2022.

Fundi var slitið kl. 14:25

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

# Fundargerð 908. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 25. mars kl. 12:00 kom saman til fundar á Grand Hótel Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Skúli Þór Helgason, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir og Kristján Þór Magnússon. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Eyþór Laxdal Arnalds boðaði forföll, varamaður hans hafði ekki tök á að mæta. Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Skúli Þór Helgason mætti í hennar stað. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar hafði ekki tök á að mæta. Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 907. fundar - 2201008SA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 907. fundar stjórnar sambandsins frá 25. febrúar 2022.

   *Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta staðfundi stjórnar.*

2. **Staða mála vegna móttöku flóttafólks frá Úkraínu - 2203014SA**

   María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, sat fundinn undir þessum og fór yfir minnisblað, dags. 22. mars 2022, um stöðu mála vegna móttöku flóttafólks frá Úkraínu.

   *Stjórnin lýsir ánægju með þau jákvæðu viðbrögð og ríkan vilja sem sveitarfélög hafa sýnt í því að veita flóttafólki aðstoð. Stjórnin leggur áherslu á að hraða vinnu við endurskoðun samninga um samræmda móttöku flóttafólks sem mun stuðla að því að verkefnið gangi eins snurðulaust og kostur er.*

3. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

   Lögð fram fundargerð 11. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 2. febrúar 2022.

4. **Fræðslumálanefnd - 2009079SA**

Lögð fram fundargerð 139. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 9. mars 2022.

*Samþykkt að taka umfjöllum um hugsanlega aðkomu sveitarfélaga að rekstri framhaldsskóla upp í stefnumótunarvinnu í aðdraganda landsþings.*

5. **Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA**

Lögð fram fundargerð 59. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. mars 2022.

6. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA**

Lögð fram fundargerð 72. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 10. mars 2022.

*Stjórn sambandsins fagnar því að átak um Hringrásarhagkerfið sé farið af stað og hvetur sveitarfélög til að nýta sér þá aðstoð sem í því felst. Það er skammur tími til stefnu til að innleiða nýjar kröfur um úrgangsstjórnun sveitarfélaga og mikilvægt að sveitarfélög horfi til frekara samstarfs um þau verkefni sem framundan eru.*

7. **Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2009346SA**

Lögð fram fundargerð 44. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 18. mars 2022.

8. **Fundir Jónsmessunefndar - 2201005SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. mars 2022, ásamt endurmati samráðsnefndar um opinber fjármál á áætlaðri afkomu sveitarfélaga 2023-2027, dags. 17. mars 2022. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal drög að samkomulagi á grundvelli LOF, dags. 23. mars 2022.

*Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá og undirrita samkomulagið á grundvelli fyrirliggjandi draga. Haraldur Sverrisson sat hjá við afgreiðslu málsins.*

9. **Endurnýjun á skipun siðanefndar sambandsins - 2203032SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 21. mars 2022, um endurnýjun á skipun siðanefndar sambandsins.

*Stjórn samþykkir að endurnýja skipunartímann til næstu fjögurra ára með óbreyttri skipan fulltrúa.*

**10. Staða kjaramála - 2109025SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. mars 2022, um stöðu kjaramála 25. mars 2022.

**11. Kjarasamningur 2022-2023 - 2108010SA**

Lagðir fram kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Fræðagarðs, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Stéttarfélags lögfræðinga og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, dags. 1. mars 2022, og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, dags. 10. mars 2022, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum.

*Stjórnin lýsir yfir ánægju með að þessir samningar hafi verið samþykktir.*

**12. Viðmiðunarreglur um framlög sveitarfélaga til stjórnmálasamtaka - 2203028SA**

Lögð fram tillaga að erindi sambandsins til allra sveitarfélaga, dags. 25. mars 2022, um viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmálasamtaka sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006.

*Stjórn sambandsins samþykktir tillöguna.*

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 14:35.

**13. Fyrirhugaður kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga - 2108004SA**

Lagt fram bréf Þjóðskrár Íslands, dags. 19. mars 2022, um fyrirhugaðan kostnað vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

*Stjórnin fellst í ljósi aðstæðna á tillögu Þjóðskrár að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga en felur framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við ríkið sem miða að því að þessi þjónusta verði sveitarfélögum að kostnaðarlausu í framtíðinni.*

**14. Minni sveitarfélög - 2203029SA**

Lagt fram erindi frá Þresti Friðfinnssyni, sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, dags. 3. mars 2022, um minni sveitarfélög.

*Stjórn sambandsins þakkar þær ábendingar sem fram koma í erindinu. Það er einbeittur vilji stjórnar og starfsfólks sambandsins að gæta hagsmuna allra sveitarfélaga í landinu sem aðild eiga að sambandinu, óháð stærð þeirra, hér eftir sem hingað til. Æðsta vald sambandsins er á landsþingum þess og mun stjórnin áfram vinna á grundvelli þeirra samþykkta sem þar verða til. Jafnframt mun stjórnin starfa á grundvelli þess hlutverks sem skilgreint er í samþykktum sambandsins sem nýlega hafa verið endurskoðaðar og breytt á landsþingi. Jafnframt starfar stjórnin og starfsfólk sambandsins í samræmi við gildandi stefnumörkun þess hverju sinni.*

## 15. Endurnýjun samkomulags um tónlistarfræðslu - 2102017SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. mars 2022, um endurnýjun samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, ásamt drögum að samkomulaginu.

*Stjórn samþykkir að veita formanni og framkvæmdastjóra umboð til að undirrita samkomulag á grundvelli fyrirliggjandi draga. Stjórn samþykkir einnig að Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla, á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar taki sæti í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulagsins í stað Sigfríðar Björnsdóttur, sem hefur látið af störfum hjá Reykjavíkurborg.*

## 16. Innleiðing barnaverndarlaga - 2111020SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðherra, dags. 25. febrúar 2022, varðandi gildistöku barnaverndarlaga.

*Stjórnin lýsir ánægju með að ráðherra hefur fallist á að fresta gildistöku ákvæða í lögunum sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð, en leggur jafnframt áherslu á að sá frestur sem veittur er nýtist til að skipuleggja fyrirkomulag umdæmisráða.*

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir vék af fundi kl. 14:52.

## 17. Endurskipulagning sýslumannsembætta - 2203036SA

Lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. mars 2022, um endurskipulagningu sýslumannsembætta. Eftirfarandi bókun lögð fram og samþykkt:

*Í tilefni af fyrirhugaðri endurskipulagningu sýslumannsembætta leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áherslu á að horft verði sérstaklega til þess að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu um allt land og að þjónusta ríkisins verði sem víðast á landinu. Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að leggja stóraukna áherslu á stafræna þjónustu og að markmiðið með breytingunum verði að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt. Einnig verði horft til þess að fjölga óstaðbundnum störfum og verkefnum utan höfuðborgarsvæðisins til að styðja við jákvæða byggðaþróun í landinu í samræmi við áherslur í byggðaáætlun. Þá hvetur stjórn sambandsins dómsmálaráðuneytið til að eiga í góðu samstarfi við landshlutasamtök og sveitarfélög í landinu áður en til breytinga kemur svo að tryggt verði að hlustað sé á raddir þeirra sem breytingarnar koma til með að hafa áhrif á.*

## 18. Næstu fundir stjórnar - 2201008SA

Næstu fundir stjórnar verða miðvikudaginn 27. april og 20 maí líkt og áður hefur verið boðað. Formaður gerði svo að tillögu sinni að að stjórnin haldi vinnufund 23. og 24. júní nk. í Hveragerði en að áður boðaður fundur 16. júní falli jafnhliða niður. Formaður lagði einnig mikla áherslu á að þeir fundir sem eftir eru á þessu kjörtímabili stjórnar sambandsins verði allir staðfundir.

*Stjórnin samþykkti þessa breytingu.*

**19. Tilnefning í starfshóp um innleiðingu barnaverndarlaga - 2111020SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. mars 2022 þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, Sigrúnu Þórarinsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar, og Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri Múlaþings, eru tilnefndar í starfshóp um innleiðingu barnaverndarlaga.

**20. Tilnefning í starfshóp um nauðsynlegar neyðarbirgðir - 2203019SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 18. mars 2022, þar sem Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri SSH og framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, er tilnefndur í starfshóp um nauðsynlegar neyðarbirgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum.

**21. Tilnefning í starfshóp til að greina stöðu fatlaðs fólks í samgöngum á Íslandi - 2203021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. mars 2022, þar sem Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, er tilnefndur í starfshóp til að greina stöðu fatlaðs fólks í samgöngum á Íslandi.

**22. Tilnefning í starfshóp um mótun leiðbeininga fyrir starfsfólks skóla í tengslum við framkvæmd reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum - 2203031SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 22. mars 2022, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsin, er tilnefnd í starfshóp um mótun leiðbeininga fyrir starfsfólks skóla í tengslum við framkvæmd reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

**23. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 2202026SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 28. febrúar 2022, um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.

**24. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum - 2202033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. mars 2022, um frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar o.fl.), mál nr. S-53/2022.

25. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - menntun og eftirlit - 2202027SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. mars 2022, um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 333. mál.

26. **Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 - 2203005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. mars 2022, um frumvarp um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, 11. mál.

27. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025 - 2203015SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. mars 2022, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025, 415. mál.

28. **Samstarf um EES-mál við umhverfis- og auðlindaráðuneytið - 2201030SA**

Lögð fram til kynningar samantekt samkvæmt 2. gr. samnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 29. júní 2018, dags. í febrúar 2022.

*Stjórnin þakkar fyrir greinargóða og vandaða samantekt.*

29. **Greinargerð frá Brussel-skrifstofu - 2009320SA**

Lögð fram til kynningar greinargerð forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. í mars 2022, um helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2022.

*Stjórnin þakkar fyrir ítarlega og vandaða greinargerð.*

Fundi var slitið kl. 15:05

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Til allra sveitarstjórna

**FUNDARBOÐ**

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 1. apríl 2022 kl. 15:00 á Hótel Hilton, Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

**Dagskrá aðalfundar**

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2021 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykkta sjóðsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
10. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2021 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins www.lanasjodur.is og á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30.

Virðingarfyllst
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.

Óttar Guðjónsson

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

## Kristinn Jónasson

**From:** Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is>
**Sent:** miðvikudagur, 16. mars 2022 16:54
**To:** Kristinn Jónasson; Snæfellsbær; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is; Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'
**Subject:** Umsagnarb.rek.G.II-Nónhóll, Arnarstapa, Snæfellsbæ
**Attachments:** Umsagnarb.rek.G.II-Nónhóll, Arnarstapa, 356 Snæfellsbær_2022006643.pdf; Nákvæm teikning af húsnæði (PDF).pdf; Syslumadur_Vesturland_2022.pdf

Til umsagnaraðila
Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist meðfylgjandi umsókn Út og suður ehf kt. 610909-1320 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-frístundahús, sem rekinn verður sem Nónhóll að Nónhóli (F2113897), 356 Snæfellsbæ. Áður hafði umsækjandi rekstrarleyfi LG-REK-010114 vegna rekstrarins það leyfi rann út 6. maí 2020.

Hjálagt fylgir umsóknin, umsagnarbeiðni ásamt teikningu.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,
Daðey

Með kveðju / Best regards
**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**
Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland
Heimilisfang / Address: Stillholt 16-18 • 300 Akranes • Iceland
beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352
Sími / Tel.: +(354) 458 2300
Vefur / URL: www.syslumenn.is • Fyrirvari/Disclaimer

**Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.**

SÝSLUMENN

# Yfirlýsing

**umsækjanda um rekstrarleyfi vegna skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum, sbr. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis**

Undirritaður fyrirsvarsmaður umsækjanda / umsækjandi um leyfi til að reka gisti- eða veitingastað

Nónhóll | Arnarstapa | 356 Snæfellsbæ

nafn staðar | staður / gata | póstnúmer og sveitarfélag

lýsi því hér með yfir að ég /umsækjandi:

(X) skuldar engin iðgjöld í lífeyrissjóð.

( ) skuldar iðgjöld í lífeyrissjóðs sem ásamt skuldum í opinberum gjöldum nema samanlagt ekki hærri fjárhæð en 1.000.000 kr. (Gögn frá lífeyrissjóði fylgi til staðfestingar).

Rvík | 15.03.2022

Staður | dags

[signature]

Undirritun

**Úr 8. gr. laga nr. 85/2007, sbr. lög nr. 67/2016 um breytingu á þeim lögum:**

**8. gr.** *Skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla.*
☐ Til þess að öðlast rekstrarleyfi þarf umsækjandi og/eða forsvarsmaður umsækjanda ef hann er lögaðili að uppfylla eftirfarandi skilyrði og framvísa nauðsynlegum vottorðum því til staðfestingar:

\- - - - - -

g. Skulda ekki skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð sem nema samanlagt hærri fjárhæð en 1.000.000 kr.
☐ Ákvæði c–g-liðar 1. mgr. gilda jafnt um umsækjanda sem er lögaðili og forsvarsmann umsækjanda.

**Úr 26. reglugerð nr. 1277/2016:**
Sé umsækjandi lögaðili / einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:

\- - - - - - -

f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.

SÝSLUMENN

# Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Veljið embætti

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

| **Umsækjandi:** | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn einstaklings eða lögaðila: ÚT OG VESTUR EHF | Kennitala: 610309-1320 | Netfang: JONJOEL@GOWEST.IS | |
| Heimilisfang: GRANDAV. 42 F | Póstnúmer og staður: 107 RVÍK | | Sími / Símar: 695-9995 |
| Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 119952 | | | |

| **Forsvarsmaður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):** | | | |
|---|---|---|---|
| Fullt nafn: JÓN JÓEL EINARSSON | Kennitala: 080551-3359 | Netfang: JONJOEL@GOWEST.IS | |
| Lögheimili: GRANDAV. 42 F | Póstnúmer og staður: 107 RVÍK | | Sími / Símar: 695-9995 |

| **Upplýsingar um gististað:** | | | |
|---|---|---|---|
| Heiti gististaðar: NÓNHÓLL | | Netfang: GOWEST@GOWEST.IS 7935519 | |
| Heimilisfang (starfsstöð): ARNARSTAPI | | Póstnúmer og staður: 356 SNÆFELLSB. | Sími / Símar: ~~795-2606~~ 7736971 |
| Fasteignanúmer: 211-3897 | | Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): | |
| Er sótt um leyfi til útiveitinga? Já: ○ | Nei: ☒ | Fjöldi gesta: 4 | |
| Afgreiðslutími áfengis ( ef við á): | Virka daga frá kl: til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: |
| Afgreiðslutími útiveitinga (ef við á): | Virka daga frá kl: til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: |

**Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☒ | **Flokkur II** | Gististaður án veitinga. | **kr. 32.000.-** |
| ☐ | **Flokkur III** | Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. | **kr. 40.000.-** |
| ☐ | **Flokkur IV** | Gististaður með áfengisveitingum. | **kr. 263.000.-** |

**Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.**

| | | |
|---|---|---|
| ☐ A | Hótel | Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi. |
| ☐ B | Stærra gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ C | Minna gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ D | Gistiskáli | Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel). |
| ☐ E | Fjallaskálar | Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. |
| ☐ F | Íbúðir | Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. |
| ☒ G | Frístundahús | Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin. |

**Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna.** Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila.

| Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: | Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: |
|---|---|
| a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.<br>c) Vottorð um búsforræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð forsvarsmanns.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. | a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð.<br>c) Vottorð um búsforræði.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. |

**Athugasemdir umsækjanda:**

**Staðfesting:**

☒ Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

**Undirskrift:**

| Staður og dagsetning: | Undirskrift umsækjanda: |
|---|---|
| R.VÍK 15.03.2022 | [signature] |
| Staður og dagsetning | Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda: |
| | |

**Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:**

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvaedin/

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsforræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla https://www.domstolar.is/

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar

Samþykkta teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

# Nákvæm teikning af húsnæði



# Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Snæfellsbær
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2022-006643
Akranesi, 16. mars 2022

## Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

**Umsækjandi:** Út og vestur ehf., 610909-1320, Grandavegi 42f, 107 Reykjavík,
**Forsvarsmaður:** Jón Jóel Einarsson, 080551-3559, Grandavegur 42F, 107 Reykjavík, **Sími:** 6959995, **Netfang:** jonjoel@gowest.is
**Tegund umsóknar:** Umsókn um leyfi til reksturs gististaðir í flokki II, tegund H frístundahús.

**Heiti staðar:** Nónhóll, Arnarstapa.
**Staðsetning:** Nónhóll, F2113897, rými 010101
356 Snæfellsbær

**Hámarksgestafjöldi:4 gestir**

**Ath.** Umsækjandi hafði áður rekstrarleyfi LG-REK-010114 vegna rekstrarins sem rann út 6. maí 2020.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda

**Umsagnir óskast sendar á netfangið dadey@syslumenn.is eða vesturland.leyfi@syslumenn.is** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Virðingarfyllst,
F.h. Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir
sviðsstjóri þjónustusviðs

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 17. mars 2022 15:18 |
| **To:** | Kristinn Jónasson; Snæfellsbær; snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is' |
| **Subject:** | Umsagnarb.rek.G.II-Hellnar Ocean View Villa, Gíslabæ, Snæfellsbæ |
| **Attachments:** | Umsagnarb.rek.G.II-Hellnar Ocean View Villa, Gíslabæ, Snæfellsbæ.pdf |

Til umsagnaraðila
Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist meðfylgjandi umsókn N18 ehf kt.521010-1180 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-íbúðir, sem rekinn verður sem Hellnar Ocean View Villa, Gíslabæ (F2113951) Hellnar, 356 Snæfellsbæ.

Hjálagt fylgir umsóknin, umsagnarbeiðni ásamt teikningu.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,
Daðey

Með kveðju / Best regards
**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**
Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland
Heimilisfang / Address: Stillholt 16-18 • 300 Akranes • Iceland
beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352
Sími / Tel.: +(354) 458 2300
Vefur / URL: www.syslumenn.is • Fyrirvari - Disclaimer | Sýslumenn (island.is)

**Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.**

# Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Snæfellsbær
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2022-007426
Akranesi, 17. mars 2022

## Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

**Umsækjandi:** N18 ehf., 521010-1180, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík,
**Forsvarsmaður:** Ásgeir Ingi Einarsson, 120685-2529, Norður-Foss, 871 Vík, **Sími:** 8617375, **Netfang:** asgeir.ingi.einarsson@gmail.com
**Tegund umsóknar:**Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II–G íbúðir

**Heiti staðar:** Hellnar Ocean View Villa
**Staðsetning:** Gíslabær (2113951) Hellnar
356 Snæfellsbær

**Hámarksgestafjöldi:7 gestir**

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda

**Umsagnir óskast sendar á netfangið dadey@syslumenn.is eða vesturland.leyfi@syslumenn.is** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Virðingarfyllst,
F.h. Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir,
Sviðsstjóri þjónustusviðs

# Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

SÝSLUMENN

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

| **Umsækjandi:** | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn einstaklings eða lögaðila: N18 ehf | Kennitala: 5210101180 | Netfang: asgeir.ingi.einarsson@gmail.com | |
| Heimilsfang: Suðurlandsbraut 4 | Póstnúmer og staður: 108 | | Sími / Símar: 8617375 |
| Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 106251 / 129060 | | | |

| **Forsvarsmaður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):** | | | |
|---|---|---|---|
| Fullt nafn: Ásgeir Ingi Einarsson | Kennitala: 1206852529 | Netfang: asgeir.ingi.einarsson@gmail.com | |
| Lögheimili: Norður Foss | Póstnúmer og staður: 871, Vík | | Sími / Símar: 8617375 |

| **Upplýsingar um gististað:** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Heiti gististaðar: Hellnar Ocean View Villa | | | Netfang: asgeir.ingi.einarsson@gmail.com | | |
| Heimilsfang (starfsstöð): Gíslabær | | | Póstnúmer og staður: 356, Hellnar | | Sími / Símar: 8617375 |
| Fasteignanúmer: F2113951 | | | Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 7 | | |
| Er sótt um leyfi til útiveitinga? | Já: ○ | Nei: ⦿ | Fjöldi gesta: | | |
| Afgreiðslutími áfengis ( ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: | |
| Afgreiðslutími útiveitinga (ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: | |

**Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☑ | Flokkur II | Gististaður án veitinga. | kr. 32.000.- |
| ☐ | Flokkur III | Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. | kr. 40.000.- |
| ☐ | Flokkur IV | Gististaður með áfengisveitingum. | kr. 120.000.- |

**Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.**

| | | |
|---|---|---|
| ☐ A | Hótel | Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi. |
| ☐ B | Stærra gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ C | Minna gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ D | Gistiskáli | Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel). |
| ☐ E | Fjallaskálar | Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. |
| ☑ F | Íbúðir | Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. |
| ☐ G | Frístundahús | Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin. |

Gr. 14/3'22

**Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna.** Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila.

| Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: | Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: |
|---|---|
| ✓ a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>✓ b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.<br>✓ c) Vottorð um búsforræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.<br>✓ d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>✓ e) Sakavottorð forsvarsmanns.<br>✓ f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.<br>✓ g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.<br>✓ h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. | a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð.<br>c) Vottorð um búsforræði.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. |

**Athugasemdir umsækjanda:**

**Staðfesting:**

☑ Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

**Undirskrift:**

| Staður og dagsetning: Vík, 10.03.2022 | Undirskrift umsækjanda: Ásgeir I. Einarsson |
|---|---|
| Staður og dagsetning | Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda: |

**Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:**

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvaedin/

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsforræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla https://www.domstolar.is/

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar

Samþykkta teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is


Dagstofa
Skáli
Gangur
Herbergi
Hjón
Inngangur
Þvottur
Gufubað
BYGGINGASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
LAUGAVEGI 120
REYKJAVIK
SÍMI 25444
TEIKN. NR. 01-3033-1
BREYTT FRÁ
MÆLIKVARÐI
DAGSETNING
TEIKNAÐ



BYGGINGASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
LAUGAVEGI 120
REYKJAVÍK
SÍMI 25444
TEIKN. NR.
01–3033-1
BREYTT FRÁ
MÆLIKVARÐI
DAGSETNING
TEIKNAÐ


Samþ. 21.4.1981
NORÐURHLIÐ
AUSTURGAFL
SUÐURHLIÐ
VESTURGAFL
BREYTINGAR ÓHEIMILAR, NEMA MEÐ
BYGGINGASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
LAUGAVEGI 120, REYKJAVÍK
TEIKN. NR. 60-3975
BREYTT FRÁ
MÆLIKVARÐI 1:100
DAGSETNING 26.2.81
TEIKNAÐ

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Jóna Sigurbjörg Möller <JonaSig@vogar.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 3. mars 2022 13:20 |
| **To:** | Skrifstofa Vogar |
| **Cc:** | radhus@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; Skrifstofa Vogar; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; helgafellssveit341@gmail.com; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; Snæfellsbær; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skrifstofa@hunathing.is; valdimar@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skaga.byggd@simnet.is; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; akrahreppur@akrahreppur.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; skutustadahreppur@skutustadahreppur.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is; eything@eything.is; fv@vestfirdir.is; bjarni@sudurland.is; ssa@ssa.is; ssh@ssh.is; ssnv@ssnv.is; sss@sss.is; ssv@ssv.is |
| **Subject:** | Áskorun frá Sveitarfélaginu Vogar vegna Suðurnesjalínu 2. |
| **Attachments:** | Bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga Suðurnesjalína 2 áskorun til sveitarfélaga.pdf |

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er samþykkt bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga samþykkt
þann 02.03.2022, sem er áskorun til allra sveitarfélaga í landinu er varðar Suðurnesjalínu 2.
Bókunin óskast tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn, sem og að hún verði send öllum kjörnum fulltrúum til kynningar.

**_Bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga á 350. fundi bæjarráðs 2.3.2022_**

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga hvetur sveitarfélög landsins og Samband íslenskra sveitarfélaga til að veita umsögn og taka afstöðu til frumvarps til laga um að veita Landsneti framkvæmdaleyfi til lagningar Suðurnesjalínu 2 í lofti í sveitarfélaginu. Með frumvarpi þessu er gengið gegn grundvallaratriði stjórnskipunar um að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum. Verði þetta frumvarp að lögum mun það verða fordæmisgefandi og ógna sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga um ókomna tíð. Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga skorar á önnur sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga að standa vörð um lögvarið skipulagsvald sveitarfélaga.

Það skal skýrt tekið fram að Sveitarfélagið Vogar er ekki andvígt lagningu Suðurnesjalínu 2 og telur mikilvægt að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Sveitarfélagið Vogar leggur áherslu á það sé að fara eftir þeirri umgjörð sem valkostagreiningin bauð upp á og vill að línan verði lögð í jörðu.

**_Bókun bæjarráðs sveitarfélagsins Voga og umsögn um frumvarpið:_**

Frumvarp þetta var til umfjöllunar á 151. löggjafarþingi, 353. mál. Sveitarfélagið Vogar skilaði inn umsögn um frumvarpið, sem samþykkt var á 327. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga, þ. 17.3.2021.Með umsögn þessari ítrekar bæjarráð Sveitarfélagsins Voga fyrri umsögn sína um málið, sem var svohljóðandi:

*„Það er mat Sveitarfélagsins Voga að með frumvarpinu vegi flutningsmenn þess að þeirri vald- og ábyrgðarskiptingu sem gildir á milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að skipulagsmálum. Ekki með nokkrum rökum getur Sveitarfélagið Vogar samþykkt að víkja frá þeirri megin skiptingu á ábyrgð skipulagsmála sem fram kemur í skipulagslögum 123/2010. Í greinargerð með fumvarpi til skipulagslaga sem lagt var fram á 138. löggjafaþingi kemur skýrt fram í rökstuðningi með hvaða hætti skipting valdssviðs og ábyrgðar skuli vera og teljum við að framkomið frumvarp stríði gegn vilja löggjafans með setningu skipulagslaga 123/2010. Í frumvarpinu er lagt til að skipulagslögum sé kippt úr sambandi og að 3. gr. og 13. gr. laganna sé með öllu hunsuð. Útgáfa framkvæmdaleyfa og eftirlit með framkvæmdum líkt og kemur fram í 1. mgr. 13. gr. 123/2010 er á forræði sveitarfélaga. Sveitarfélagið Vogar telur að með tillögu sinni vegi flutningsmenn frumvarpsins að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í landinu. Með samþykkt frumvarpsins yrði gefið fordæmi um að hvenær sem er geti löggjafinn svipt sveitarfélög í landinu sjálfsákvörðunarrétti sínum í einstaka málum. Það er að okkar mati áhyggjuefni m.a. í ljósi eignarhalds ríkisins á stóru landsvæði í Sveitarfélaginu Vogum. Það veldur okkur hjá Sveitarfélaginu Vogum að auki áhyggjum að slík hugmynd komi fram, jafnvel áður en sveitarstjórnin hefur fengið ráðrúm til að afgreiða erindi Landsnets á formlegan hátt. Það er mat okkar að hagsmunir sveitarfélaga í landinu til sjálfsákvörðunar í sínum innri málum sé með frumvarpi þessu fórnað. Ekki verður hér fjallað sérstaklega um rökstuðning flutningsmanna sem fram kemur í greinargerð hvort sem litið er til mikilvægis raforkuflutninga eða með hvaða hætti raforkuflutningum er háttað. Grundavallar hugsun frumvarpsins snýr að fyrrnefndri verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í landinu og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Við leggjumst því alfarið gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt."*

*Þessu til viðbótar skal upplýst að umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 er nú til umfjöllunar að nýju hjá sveitarstjórn. Bæjarráð ítrekar mikilvægi þess að það fái ráðrúm til að fjalla efnislega um málið og komast að niðurstöðu.*

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Til fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga á Vesturlandi.

08.03 2022

**Efni: Þátttaka í stofnun sjálfseignarstofnunar um nýsköpunarnet Vesturlands.**

Á liðnum mánuðum hefur starfshópur unnið að undirbúningi að stofnun sjálfseignarstofnunar (**NýVest ses.**) sem ætlað er að hýsa Nýsköpunarnet á Vesturlandi. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi höfðu frumkvæði af því að ýta verkefnin úr vör og hefur undirbúningur verið fjármagnaður úr byggðaáætlun.

Nýsköpunarnetið er fyrir alla, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga. Því er ætlað að tengja saman ólíka hópa, miðla upplýsingum, aðstoða frumkvöðla og fræða þá sem hafa áhuga á þróun atvinnulífs og nýjum verkefnum. Á Vesturlandi eru öflug fyrirtæki, öflugir skólar og drífandi einstaklingar, sem mikilvægt er að tengja mun betur saman en áður í því skyni að nýta sem best þau tækifæri sem til staðar eru í þróun atvinnulífs og nýsköpun.

Stjórnvöld og sveitarfélög beina nú sjónum sínum í auknum mæli að nýsköpun og stuðningi við frumkvöðla. Því er mikilvægt að á Vesturlandi sé til staðar vettvangur og breið samstaða allra þeirra sem stutt geta við jákvæða þróun atvinnumála og þar með sterkari búsetuskilyrði. Skilgreina má hugtakið „nýsköpun" með ýmsum hætti – en rétt er að hafa í huga að nýsköpun þarf ekki að vera fjarlæg „geimvísindi". Við horfum til þess að sérhver hugmynd til þróunar, nýbreytni, markaðssetningar eða starfsemi innan skapandi greina geta átt erindi við NýVest.

Tilgangur NýVest er:

- Tenging hagsmunaaðila
- Aðstoð við styrkumsóknir
- Styrkjabrunnur – upplýsingar um styrki
- Tengiliður mismunandi aðila; atvinnulífs, skóla og rannsókna
- Faglegur stuðningur

Við munum stofna NýVest formlega þann 6 apríl n.k. og allir sem áhuga hafa á því að gerast stofnaðilar eru boðnir velkomnir. Stofnframlag er eftirfarandi:
Einstaklingar kr. 10.000
Fyrirtæki og stofnanir kr. 30.000

Nú þegar hafa verið stofnuð þróunarsetur og Fab Lab smiðjur á Vesturlandi og fleiri í undirbúningi. Með þátttöku í NýVest ses. leggur hver og einn sitt af mörkum við að efla atvinnulíf á Vesturlandi og skapa enn betri skilyrði til búsetu. Við hvetjum alla að taka þátt – því jákvæð þróun byggist á samstöðu og krafti þeirra sem láta sig málin varða.
Þátttöku geta áhugasamir tilkynnt á netfangið ssv@ssv.is fyrir 23. mars n.k

Starfshópur um stofnun Nýsköpunarnets. (Nývest ses).

## Kristinn Jónasson

**From:** Jón Gunnarsson <jon@dmr.is>
**Sent:** þriðjudagur, 22. mars 2022 13:50
**To:** radhus@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; helgafellssveit341@gmail.com; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; Snæfellsbær; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skrifstofa@hunathing.is; valdimar@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skaga.byggd@simnet.is; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; akrahreppur@akrahreppur.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; skutustadahreppur@skutustadahreppur.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is
**Cc:** samband@samband.is; syslumannarad@syslumenn.is; Guðmundur Bjarni Ragnarsson; eything@eything.is; fv@vestfirdir.is; bjarni@sudurland.is; ssa@ssa.is; ssh@ssh.is; ssnv@ssnv.is; sss@sss.is; ssv@ssv.is
**Subject:** Endurskipulagning sýslumannsembætta
**Attachments:** Scan_r06gura_202203210094_001.pdf

Ágæta sveitastjórnarfólk,

Mig langar að upplýsa ykkur um þá vinnu sem hafin er hér í dómsmálaráðuneytinu við endurskipulagningu á sýslumannsembættunum. Vegferð ríkisins undanfarin ár við innleiðingu á stafrænni þjónustu vegna breyttra samfélagslegra aðstæðna og tækninýjunga, er að mínu mati eitt stærsta og mest spennandi byggðamál samtímans sem kallar á gott samráð ríkis og sveitarfélaga.

Meðfylgjandi er að finna bréf þar sem farið er nánar yfir áformin og markmiðin sem stefnt er að.

Með von um góðar undirtektir og samráð.

Með kveðju,

**Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra**
Dómsmálaráðuneytið / Ministry of Justice
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9000
www.domsmalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Samband íslenskra sveitarfélaga
samband@samband.is

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 21. mars 2022
Tilv.: DMR22010305/4.1

Efni: Endurskipulagning sýslumannsembætta

Undanfarin ár hefur ríkið verið á fleygiferð í innleiðingu á stafrænni þjónustu. Samfélagslegar aðstæður og tækninýjungar gera auknar kröfur til hins opinbera og kalla á grundvallarbreytingar á skipulagi sýslumannsembættanna. Núverandi stofnanauppbygging með níu aðskildum umdæmum og sjálfstæðum forstöðumönnum er hamlandi í þeirri vegferð að bæta þjónustuna við almenning. Til þess að festa framsækna og öfluga þjónustu ríkisins í sessi í heimabyggð, þarf að ráðast í viðamiklar breytingar.

Með þessu bréfi freista ég þess að vekja athygli ykkar sveitarstjórnarmanna um allt land á þessu mikilvæga verkefni til þess að tryggja að ykkur auðnist að sjá þau miklu tækifæri sem felast almennt í stafrænni vegferð hins opinbera og þá sérstaklega fyrirhuguðum breytingum á landsbyggðinni.

Eins og komið hefur fram í fréttum hefur gagngerri endurskoðun á skipulagi sýslumannsembættanna verið hleypt af stokkunum sem miðar að því að sameina embætti landsins í eitt. Markmiðið breytinganna er að efla núverandi starfsemi þannig að úr verði öflugar og nútímalegar þjónustueiningar, sem veita framúrskarandi þjónustu hvar og hvenær sem er, óháð staðsetningu þjónustuþega eða starfsstöðvarinnar. Óbreytt skipurit með níu umdæmum, sem afmörkuð eru með ósýnilegum múrum með níu stjórnendum í níu sjálfstæðum stofnunum, fer illa saman við þessi markmið.

Áhersla okkar í þessari vinnu er að nýta þann mikla mannauð sem sýslumannsembættin búa yfir til að leggja grunninn að framsæknum þjónustueiningum, þar sem þarfir almennings ganga framar öðrum. Það er vilji minn að þjónustan og starfsemin þróist og dafni í takt við breyttar samfélagslegar aðstæður og það gerist ekki með öðrum hætti en grundvallarbreytingum á skipulagi embættanna.

Til stuðnings framangreindum markmiðum er hafin vinna í samráði við Sýslumannaráð og starfsfólk embættanna, sem miðar að því að eftirfarandi áherslur verði að veruleika:

- Stóraukin áhersla á stafræna þjónustu.
- Niðurfelling umdæmismarka.
- Ein þjónustustofnun, þar sem stuðlað verður að samnýtingu verðmæta og bættri þjónustu.
- Aukin verkaskipting og sérhæfing með öflugu samstarfi á milli starfsstöðva.

- Fjölgun verkefna sem verða unnin um land allt.
- Aukið samstarf við sveitarfélögin um að þjónusta íbúa þess og landið allt með betri og skilvirkari hætti en verið hefur.

**Til að eyða öllum vafa, vil ég taka það skýrt fram að markmið þeirra aðgerða sem hér hafa verið boðaðar eru ekki að færa núverandi starfsemi, sem er sinnt á 27 stöðum um land allt, undir eitt þak á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti er markmiðið að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt.**

Framangreindar aðgerðir eru hvorki hraðsoðnar né byggðar á lítt ígrunduðum hugmyndum, heldur byggja þær á vönduðum greiningum og úttektum á þeim vandamálum sem fylgja núverandi fyrirkomulagi sýslumannsembættanna. Aðgerðirnar eru beintengdar ýmsum áherslumálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem miða að því að styðja við byggðaþróun og valfrelsi í búsetu vegna starfa hjá ríkinu. Þá eru aðgerðirnar jafnframt í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun þar sem lögð er áhersla á að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu og tækifærum til atvinnu. Með framangreind áherslumál í huga mótaði dómsmálaráðherra stefnu í málefnum sýslumanna, sem birtist í skýrslu sem var gefin út í mars 2021 og ber heitið Sýslumenn – framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri. Skýrslan var lögð fyrir þingið og er aðgengileg þar sem þingskjal 1043 – 6093 mál, 151. löggjafarþing 2020-2021. Við samningu skýrslunnar var m.a. haft samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna mikilvægi byggðamála og varð niðurstaðan sú að bæta við í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 nýrri aðgerð til stuðnings framangreindum áherslumálum. Þannig er í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 að finna nýja aðgerð nr. A.8. Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði. Markmið hennar er að efla opinbera þjónustu í héraði, fjölga atvinnutækifærum og bæta ríkisreksturinn, ásamt því að efla starfsemi sýslumannsembætta um land allt og opinbera þjónustu með betri nýtingu innviða. Um efni tillögunnar að öðru leyti vísast til þingskjals 1849 – 872. mál, 151. löggjafarþing 2020-2021.

Stafræn vegferð er verkefni sem blasir við ríki og sveitarfélögum og er án efa eitt stærsta og mest spennandi byggðamál samtímans. Nú reynir á íbúa og sveitarstjórnir um land allt, að sjá og hagnýta öll tækifærin sem felast í þeim óumflýjanlegu breytingum sem eru að verða á samfélaginu. Við í dómsmálaráðuneytinu munum vinna í samræmi við þær áherslur sem hér hafa verið kynntar og viljum gjarnan eiga farsælt samráð við sveitarfélög landsins í þeirri vinnu sem bíður okkar næstu misserin.

Jón Gunnarsson

Grundarfjörður 01.02.2022

Snæfellsbær

Bt. bæjarstjórnar

Klettsbúð 4

360 Hellissandur

**Efni: Skólaakstur við Fjölbrautaskóla Snæfellinga vorönn 2021**

**Forsendur**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga skipuleggur skólaakstur, semur við akstursaðila og heldur utan um umsóknir nemenda til Menntasjóðs námsmanna vegna aksturssstyrkja. Skólinn sér um að greiða akstursaðilum og ef taprekstur verður af skólaakstrinum mun skólinn og sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi skipta þeim kostnaði á milli sín. Aksturskostnaður á vorönn 2021 var kr. 124.000,- á hvern akstursdag samkvæmt samningi við Hópferðabíla Svans Kristófers ehf. og G.H. Hópferðabíla ehf.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur að sér að skipuleggja skólaakstur og fær greitt umsýslugjald frá Menntasjóði námsmanna. Gert er ráð fyrir að umsýslugjaldið verði framlag skólans ef taprekstur á skólaakstri verður. Umsýslugjaldið vegna vorannar 2021 var 3.177.650,-

**Uppgjör**

Rekstrarhalli á vorönn 2021 var kr. 5.358.582,- og lækkar umsýslugjaldið hallann í kr. 2.180.932,- Meðfylgjandi er uppgjör vegna skólaaksturs fyrir nemendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga á vorönn 2021 skipt milli sveitarfélaganna samkvæmt eignarhluta í Jeratúni ehf.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga vill koma á framfæri til sveitarfélaganna ósk skólans að skólaakstur við skólann verði þjónustaður af Strætó enda eini framhaldsskólinn sem annast umsýslu vegna skólaaksturs.

**Rútuakstur 2021**

**Vorönn**

**Snæfellsnes**

| | Tekjur |
|---|---|
| Innborgun rútukort | 1.642.500 |
| **Tekjur** | **1.642.500** |
| | |
| **Umsýslugjald, framlag FSN** | 3.177.650 |
| | |
| **Rekstrarhalli vorönn 2021** | **-5.358.582** |
| | |
| **Niðurstaða** | **-2.180.932** |
| Grundarfjarðarbær | -610.661 |
| Helgafellssveit | -21.809 |
| Snæfellsbær | -959.610 |
| Stykkishólmsbær | -588.852 |
| **Samtals** | **-2.180.932** |
| | |
| Tala til afstemmingar | 0 |

| | Gjöld |
|---|---|
| Janúar | -1.780.044 |
| Febrúar | -1.567.956 |
| Mars | -1.545.082 |
| Apríl | -1.612.000 |
| Maí | -496.000 |
| **Samtals gjöld** | **-7.001.082** |

Virðingarfyllst

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Skólameistari FSN

Afrit er sent til: bæjarstjórnar Stykkishólms, bæjarstjórnar Grundarfjarðar og oddvita Helgafellssveitar.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundarfjörður 01.02.2022

Snæfellsbær

Bt. bæjarstjórnar

Klettsbúð 4

360 Hellissandur

**Efni: Skólaakstur við Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustönn 2020**

**Forsendur**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga skipuleggur skólaakstur, semur við akstursaðila og heldur utan um umsóknir nemenda til Menntasjóðs námsmanna vegna aksturssstyrkja. Skólinn sér um að greiða akstursaðilum og ef taprekstur verður af skólaakstrinum mun skólinn og sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi skipta þeim kostnaði á milli sín. Aksturskostnaður á haustönn 2020 var kr. 108.021,- á hvern akstursdag samkvæmt samningi við Hópferðabíla Svans Kristófers ehf.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur að sér að skipuleggja skólaakstur og fær greitt umsýslugjald frá Menntasjóði námsmanna. Gert er ráð fyrir að umsýslugjaldið verði framlag skólans ef taprekstur á skólaakstri verður. Umsýslugjaldið vegna haustannar 2020 var kr. 3.385.900,-

**Uppgjör**

Rekstrarhalli á haustönn 2020 var kr. 3.568.744,- og lækkar umsýslugjaldið hallann í kr. 182.844,- Meðfylgjandi er uppgjör vegna skólaaksturs fyrir nemendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga á haustönn 2020 skipt milli sveitarfélaganna samkvæmt eignarhluta í Jeratúni ehf.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga vill koma á framfæri til sveitarfélaganna ósk skólans að skólaakstur við skólann verði þjónustaður af Strætó enda eini framhaldsskólinn á landinu sem annast umsýslu vegna skólaaksturs.

**Rútuakstur 2020**
**Haustönn**
**Snæfellsnes**

| | Tekjur |
|---|---|
| Innborgun rútukort | 2.700.000 |
| Innvextir og fjármagnsgjöld | 14.903 |
| **Samtals tekjur** | **2.714.903** |
| | |
| **Umsýslugjald, framlag FSN** | 3.385.900 |
| | |
| Rekstrarhalli haustönn 2020 | **-3.568.744** |
| | |
| **Niðurstaða** | **-182.844** |
| Grundarfjarðarbær | -51.196 |
| Helgafellssveit | -1.828 |
| Snæfellsbær | -80.451 |
| Stykkishólmsbær | -49.368 |
| **Samtals** | **-182.844** |
| | |
| Tala til afstemmingar: | 0 |

| | Gjöld |
|---|---|
| Ágúst | -1.080.210 |
| September | -1.854.786 |
| Október | -1.512.294 |
| Nóvember | -1.080.210 |
| Desember | -756.147 |
| **Samtals gjöld** | **-6.283.647** |

Virðingarfyllst

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Skólameistari FSN

Afrit er sent til: bæjarstjórnar Stykkishólms, bæjarstjórnar Grundarfjarðar og oddvita Helgafellssveitar.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundarfjörður 02.02.2022

Snæfellsbær

Bt. bæjarstjórnar

Klettsbúð 4

360 Hellissandur

**Efni: Útboð vegna skólaaksturs við Fjölbrautaskóla Snæfellinga haust 2021**

Sjá hér fyrir neðan uppgjör vegna útboðs haust 2021, greitt af FSN 13.10.2021.

**Útboð haust 2021**
**Snæfellsnes**

| | **Útboð** |
|---|---|
| VSÓ ráðgjöf | 935.500 |
| vsk | 224.520 |
| **Samtals gjöld** | **1.160.020** |

| **Niðurstaða** | **935.500** |
|---|---|
| Grundarfjarðarbær | 261.940 |
| Helgafellssveit | 9.355 |
| Snæfellsbær | 411.620 |
| Stykkishólmsbær | 252.585 |
| **Samtals** | **935.500** |

Fjölbrautaskóli Snæfellinga vill ítreka ósk skólans að skólaakstur við skólann verði þjónustaður af Strætó enda eini framhaldskólinn á landinu sem annast slíka umsýslu.

Virðingarfyllst

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Skólameistari FSN

Afrit er sent til: bæjarstjórnar Stykkishólms, bæjarstjórnar Grundarfjarðar og oddvita Helgafellssveitar.

BRUNABÓT

Til aðildarfélaga EBÍ

Kópavogi, 24.mars 2022.

**Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2022.**

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður". Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er **umsóknarfrestur til aprílloka**.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því í reglum úthlutunarsjóðs er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna ***sérstakra framfaraverkefna*** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku ***umsóknareyðublaði.***

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigrún Sveinbjörnsd.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Fulltrúi.

Jafnréttisstofa

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Akureyri, 18. mars 2022
*2001110 JFK*

**Efni: Undanfari ákvörðunar um dagsektir**

Þann 31. desember 2019 rann út frestur Snæfellsbæjar til þess að öðlast jafnlaunavottun sbr. 8. gr. reglugerðar um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85, nr. 1030/2017 og 7. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020.

**Málsatvik**
Þann 8. janúar 2020 sendi Jafnréttisstofa erindi til Snæfellsbæjar þar sem óskað var eftir að stofan yrði upplýst um hvenær vinnu vegna innleiðingar jafnlaunavottunar yrði lokið. Svar barst 14. janúar 2020 þar sem Jafnréttisstofa var upplýst um að vinna við jafnlaunavottun væri hafin og að samstarf væri við hin sveitarfélögin á Snæfellsnesi. Þá kom fram að vottunaraðili muni senda Jafnréttisstofu tilkynningu um leið og þeirri vinnu væri lokið og Snæfellsbær öðlast jafnlaunavottun. Jafnréttisstofa svaraði erindinu og þakkaði fyrir upplýsingarnar. Þá óskaði stofan eftir því að vera upplýst um framhaldið, t.a.m. hvenær áætlað væri að úttektir vottunaraðila myndu hefjast og hvenær áætlað væri að lokaúttekt færi fram.

Þann 12. október 2020 sendi Jafnréttisstofa á ný erindi þar sem óskað var eftir stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélaginu. Svar barst samdægurs þar sem fram kom að Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær hefðu skrifað undir samning um innleiðingu jafnlaunakerfis og framkvæmd launagreiningar. Vinnan væri að hefjast í október og gert var ráð fyrir að henni lyki eigi síðar en í febrúar 2021.

25. ágúst 2021 sendu forsætisráðuneytið og Jafnréttisstofa erindi til þeirra opinberu aðila sem ekki höfðu lokið jafnlaunavottunarferlinu, þrátt fyrir ríflegan frest, og brýnt fyrir þeim að ljúka því sem fyrst. Minnt var á dagsektarheimildir Jafnréttisstofu í þeim tilfellum þar sem aðilar láta hjá líða að verða sér út um jafnlaunavottun. Þessu erindi hefur ekki verið brugðist við af hálfu Snæfellsbæjar.

Jafnréttisstofu hafa ekki borist frekari upplýsingar um framgang verkefnisins. Í ljósi ofangreinds telur stofan að rétt sé að beita Snæfellsbæ dagsektum þar til sveitarfélagið hefur lokið vinnu við jafnlaunavottun og Jafnréttisstofu borist staðfesting þess eðlis frá þar til bærum vottunaraðila.

Jafnréttisstofa

**Snæfellsbæ er nú gefinn lokafrestur til þess að koma að athugasemdum vegna ofangreinds. Skulu þær athugasemdir berast Jafnréttisstofu eigi síðar en 1. apríl nk. Berist stofunni engar athugasemdir verður ákvörðun um dagsektir tekin á fyrirliggjandi gögnum.**

Katrín B. Ríkarðsd.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Framkvæmdastjóri

Jón Fannar Kolbeinsson
Lögfræðingur

## Kristinn Jónasson

**From:** María Ingibjörg Kristjánsdóttir <maria.kristjansdottir@samband.is>
**Sent:** mánudagur, 28. mars 2022 13:15
**To:** María Ingibjörg Kristjánsdóttir; Bryndís Gunnlaugsdóttir; Valgerður Freyja Ágústsdóttir
**Subject:** Könnun móttaka flóttafólks - svigrúm sveitarfélaga

**Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga.**

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur leitað eftir þátttöku sveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks. Ráðuneytið hefur verið að þróa samræmda móttöku í samstarfi við fimm sveitarfélög og er verið að vinna að því að festa móttökukerfið í sessi. Í móttökukerfinu felst að ráðuneytið geri samning við sveitarfélög um móttöku flóttafólks óháð því hvernig það kemur til landsins (kvótaflóttafólks, umsækjendur um alþjóðlega vernd eða fjölskyldusameining). Í ljósi aðstæðna er mikilvægt að kortleggja hvort sveitarfélög hafi áhuga á að taka þátt í verkefninu og þá hver geta þeirra er til að taka á móti flóttafólki á árinu 2022.

**Óskað er eftir að svör berist í síðasta lagi þann 1.apríl n.k.**

Hafir þú einhverjar spurningar varðandi könnunina er bent á að hafa samband við Valgerði Ágústsdóttur, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði, netfangið er valgerdur@samband.is.

Hér er linkur á könnunina:

https://www.smartsurvey.co.uk/s/flottafolk/

Með von um skjót svör.

Kveðja

**María Ingibjörg Kristjánsdóttir**
félagsþjónustufulltrúi
Beint innval: 515 4930
Netfang: maria@samband.is

**Samband íslenskra sveitarfélaga**
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Römpum upp Ísland

Berist til bæjar-/ byggðarráða og framkvæmda-

stjóra sveitarfélaga.

Sæl.

Á degi aðgengis, 11. mars síðastliðinn, var haldinn sögulegur blaðamannafundur í Skyrgerðinni (gamla hótelinu) í boði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

Forseti bæjarstjórnar stjórnaði fundi í forföllum bæjarstjórans (covid) sem jafnframt er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar töluðu forsætisráðherra, innviðaráðherra, borgarstjóri og Haraldur Þorleifsson, hvatamaðurinn að verkefnunum Römpum upp Ísland og Römpum upp Reykjavík. Forseti Íslands, sem er verndari verkefnisins, forfallaðist einnig vegna veikinda en sendi fallegt stuðningsmyndband.

Markmiðið með Römpum upp Ísland er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Stofnunin styrkir einkaaðila til að koma upp römpum eða annars konar lausnum við innganga sína og tryggja þannig að fólk með hreyfihömlun hafi aðgengi að þeirri þjónustu sem þar stendur til boða.

Í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar eru Ágúst Bjarni Garðarsson, alþingismaður, Halldóra F. Þorvaldsdóttir, varaþingmaður og formaður velferðarráðs Reykjanesbæjar, Haraldur Þorleifsson, verkefnastjóri hjá Twitter, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, formaður Sjálfsbjargar, Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og Þorleifur Gunnlaugsson. Starfsmaður nefndarinnar er Óskar Þorleifsson, hagfræðingur og starfsmaður innviðaráðuneytisins.

Fyrir stjórn liggur að kortleggja landið og útvega fólk í hönnun og rampagerð. Það er ljóst að byrjað verður á fjölförnum stöðum miðsvæðis í þéttbýli og lægstu hindrununum (ein trappa er jafn mikil hindrun og tíu) þótt vel kæmi til greina að klára það sem fyrir liggur á fáfarnari og fjarlægari stöðum. Stjórnin leitast við að skipta fjármagni eftir mannfjölda og þörfum en hafa ber í huga að verkefnið tekur fjögur ár og ekki er hægt að sinna öllum svæðum í einu. Stofnunin mun, eins fljótt og auðið er sinna aðilum í sveitarfélögum sem eru reiðubúnir til samstarfs og hafa nauðsynleg bjargráð.

Römpum upp Ísland

Fjármögnun er í raun lokið en auðvitað eru ákveðnir óvissuþættir. Áhersla er á lægstu rampana, verð v/vinnu þarf að vera hagstætt og samstarf við sveitarfélög gott. Haldið verður áfram þeirri vegferð að vinna og efni vegna rampanna verði í boði sjóðsins.

Verið er að vinna heimasíðu verkefnisins, rampur.is en þar má sjá að Ueno, Innviðaráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Davíð Helgason, Össur og InfoCapital leggja fram fjármagn og fleiri eru að bætast í hópinn s.s. ÖBÍ og Sjálfsbjörg. Mikilvæg framlög í formi vinnu án endurgjalds koma frá Deloitte, Lex lögmannsstofu, Gæðaendurskoðun slf, Brandenburg, Aton.JL., Eflu og BM vallá hefur bæst í hópinn með allar hellur sem til þarf.

Römpum upp Ísland er í beinu framhaldi af Römpum upp Reykjavík, þar sem markmiðið var að klára hundrað rampa á einu ári en raunin varð 101 rampur á átta mánuðum.

Þetta hefði ekki tekist án aðkomu fjölmargra sem lögðu til fjármagn, vinnu og aðra aðstoð án endurgjalds. Lykilþátttakandi var umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) sem einsetti sér strax í upphafi að gera það sem í þess valdi stæði til að átakið gengi hratt og vel fyrir sig.

USK skapaði umhverfi sem auðveldaði verktökum og hönnuðum verkið. Það uppfærði verkferla, gerði regluverkið hagstætt fyrir framkvæmdirnar og útvegaði gjaldfrjálst afnotaleyfi. Sviðið útvegaði auk þess tengilið vegna hitalagna í stétt, afhenti verktökum bílastæðakort fyrir stæði við verkstað, bauðst til að sinna hugsanlegum samskiptum við Veitur, skannaði stóran hluta miðbæjarins fyrir því sem þau töldu auðvelt að gera aðgengilegt og afgreiddi flestar umsóknir með dagsfyrirvara. USK útvegaði einnig svæði í miðbænum til að geyma sand og hellur og úrgang sem til féll á meðan á verkefninu stóð.

Þetta ættu þau sveitarfélög sem vilja taka þátt í verkefninu að hafa í huga en við hlökkum til að eiga samstarf um þetta mikilvæga mannréttindaátak, sem kemur jafnframt til með að laða að mun fleiri ferðalanga.

Fyrir hönd stjórnar Römpum upp Ísland,

Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður.

Hægt er að hafa samband á rampur@rampur.is

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Efni: Vinna við myndgreiningu, nafnagreiningu og geymslu gamalla mynda í eigu Snæfellbæjar.

Sl. Haust komu saman nokkrir einstaklingar, ástæðan var sameiginlegur áhugi þeirra á varðveislu gamalla ljósmynda, sem hópnum var kunnugt um að búið væri að skanna og koma á einn geymslustað.

Sótt var um styrk til „Uppbyggingarsjóðs Vesturlands" til að hefja vinnu við verkefnið. M.a. að nafngreina einstaklinga og umhverfi. Einnig var talið eðlilegt að fá fagmanneskju til að hafa umsjón með verkefninu. Uppbyggingarsjóðurinn taldi verkefnið uppfylla þau ákvæði sem hann gerir til slíkra verkefna og fékk umsóknin styrk að upphæð kr. 250.000.-

Nú er komið að því að hópurinn geti hafið vinnu við verkefnið og ætlum við að hittast einu sinni í viku í Átthagastofunni, þar sem við höfum leyfi frá Heimi Berg.
Það kom í ljós að hópurinn hefur byrjað þetta verk án þess að hafa staðfest leyfi til þess frá umsjónaraðilum ljósmyndanna, sem er Snæfellsbær, eftir því sem við vitum best. Þess vegna óskum við eftir að fá skriflegt leyfi frá Snæfellsbæ til áframhaldandi vinnu við verkefnið og einnig að við höfum leyfi til að skanna aðrar myndir sem e.t.v. koma í leitirnar og gætu verið í eigu Snæfellsbæjar.

Ástæða þessarar óskar okkar er sú, að ef við sækjum um styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið verðum við að vera með staðfestingu á að við höfum heimild til að vinna þetta verkefni.

Með ósk um að jákvætt verði tekið í þessa málaleitan okkar.

Ólafsvík 18.3.2022

Fyrir hönd hópsins.

Margrét Vigfúsdóttir

---------------------------------------------------

Margrét Vigfúsdóttir

SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

# STOFNUN LJÓSMYNDAHÓPS ÁTTHAGASTOFU

HEFUR HLOTIÐ STYRK ÚR
UPPBYGGINGARSJÓÐI VESTURLANDS
AÐ UPPHÆÐ

**250.000**

# Jafnlaunamarkmið Snæfellsbæjar

Snæfellsbær hefur það að markmiði að allir starfsmenn, óháð kyni, fái jöfn tækifæri til starfsþróunar og framgangs í starfi og kynbundinn launamunur sé ekki fyrir hendi. Jafnframt að starfsmenn fá sanngjarna umbun fyrir vinnu sína og sé ekki mismunað varðandi kröfur um vinnuframlag, svo sem yfirvinnu, óháð kyni.

Snæfellsbær hefur það að markmiði að launamunur dagvinnulauna milli kynja skuli að jafnaði vera innan við 2%. Ef greining leiðir óútskýrðan launamun í ljós, skal innan 6 mánaða frá greiningu bregðast við því og fyrr ef unnt er.

## Leiðir að markmiðum

- Launa- og jafnlaunastefna Snæfellsbæjar er öllum starfsmönnum kunn, aðgengileg og ávallt fylgt í hvívetna;
- Launagreiningar eru framkvæmdar samkvæmt áætlunum og verkferlum, sem og rýni stjórnenda og áætlaðar innri úttektir. Brugðist er við öllum frábrigðum samkvæmt verkferlum;
- Leiði launagreiningar í ljós óútskýranlegan launamun milli kynja verður slíkt leiðrétt eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan 6 mánaða.
- Niðurstöður geta einnig leitt til endurskoðunar á starfslýsingum.
- Stofnunin mun gera sér far um að jafna hlutfall kynja innan þeirra starfahópa þar sem mjög hallar á annað kynið, t.a.m. með því að höfða sérstaklega til kyns í minnihluta í starfsauglýsingum (sbr. 5. mgr. 19. gr. laga 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

## Ábyrgð

Launafulltrúi, bæjarritari og bæjarstjóri bera ábyrgð á launasetningu starfsmanna í samráði við forstöðumenn, framkvæmd launagreininga, rýni þeirra, kynningu fyrir starfsmönnum og gerð viðbragðs-/úrbótaáætlunar.

***Samþykkt á 356. fundi bæjarstjórnar þann 31. mars 2022.***

# Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar

## Almennt

Snæfellsbær hefur launajafnrétti að leiðarljósi við launastefnu sína. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.

Það er stefna Snæfellsbæjar að tryggja að konur og karlar sem starfa hjá sveitarfélaginu hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum. Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, með síðari breytingum.

## Til að ná markmiðum jafnlaunastefnu þessarar skal Snæfellsbær:

- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum og eftir atvikum öðrum réttarheimildum, sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 sbr. einnig lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.
- Tryggja að fyrir hendi séu skráðar og skjalfestar verklagsreglur fyrir jafnlaunakerfi, s.s. um flokkun starfa, hlítingu laga og reglna, samskipti, launagreiningar, skjalavörslu og úttektir.
- Innleiða og kynna jafnlaunamarkmið og jafnlaunastefnu þessa fyrir öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og tryggja aðgengi þeirra að henni.
- Láta fara fram jafnlaunaúttekt.
- Tryggja að allar ákvarðanir um laun og kjör séu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar og í samræmi við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi.
- Framkvæma árlega innri úttekt á jafnlaunakerfi og fara yfir með sviðsstjórum Snæfellsbæjar.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf með það að markmiði að kanna hvort munur er á launum starfsmanna eftir kyni.
- Bregðast án ástæðulauss dráttar við óútskýrðum launamun.
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólki.

Bæjarstjóri og bæjarritari bera ábyrgð á framfylgd jafnlaunastefnu þessarar og innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfis Snæfellsbæjar.

***Samþykkt á 356. fundi bæjarstjórnar þann 31. mars 2022.***

# Brunavarnaáætlun
# Slökkviliðs Snæfellsbæjar






# 2022-2026

HMS

Húsnæðisáætlanir

# Húsnæðisáætlun 2022

| | |
|---|---|
| **Sveitarfélagsnúmer:** | 3714 |
| **Áætlunarsvæði:** | Snæfellsbær |
| **Kennitala:** | 510694-2449 |
| **Landshluti:** | Vesturland |
| **Heimilisfang:** | Klettsbúð 4, 360 Hellissandi |

